

Hanna Dóra og Elmar

TÓNALJÓÐ UM ÞJÁNINGU ▶ 32



Unnsteinn og Sigga Kling

STJÖRNUR OG MEÐVIRKNI ▶ 24


OPIÐ ALLA PÁSKANA

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**SKÍRDAGUR**

2. apríl 2015

78. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## LEYFIR HUGMYNDUM AÐ BLÓMSTRA

**Hafdís Árnadóttir** stofnaði Kramhúsið fyrir þrjátíu árum. Hún verður 77 ára í haust en er hvergi nærri hætt að dansa og kenna í húsinu þar sem nýjum hugmyndum er tekið fagnandi. ▶ 16

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Lífið



**MÖRG JÁRN Í ELDINUM**
Frumkvöðullinn Hrefna Björk Sverrisdóttir fer ótroðnar slóðir þegar kemur að rekstri og atvinnusköpun.



Jóhann Ingimarsson

ENN AÐ SMÍÐA ▶ 20

**STELPULEIT**
Ásrún Magnúsdóttir gerir nýtt dansverk um unglinga. ▶ 38







LYFJA
– Lífið heil

Lyfja Lágmúla kl. 8-24
Lyfja Smáratorgi kl. 8-24

Gleðilega páska

Opið alla páskana, einnig föstudaginn langa og páskadag.

www.lyfja.is




## VEÐUR




**Í dag verður vaxandi austanátt,** allhvasst og slydda eða snjókoma sunnanlands seinnipartinn, en hægara og bjartviðri fyrir norðan.

SJÁ SÍÐU 28

Hæstiréttur staðfestir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í Aurum-máli:

# Dómarar ekki til skýrslutöku

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um að verjendur í Aurum-málinu svokallaða fái ekki að kalla dómara málsins í héraði, þá Guðjón St. Marteinsson og Sverri Ólafsson, til skýrslutöku.

Ástæðan fyrir kröfu verjendanna er meint vanhæfi Sverris Ólafssonar en á meðal málsgagna er tölvupóstur sem inniheldur óbirta grein Guðjóns St. Marteinssonar sem fjallar um málið. Greinina birti hann ekki eftir að hafa rætt efni


GUÐJÓN ST. MARTEINSSON


ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

hennar við ríkissaksóknara og sérstakan saksóknara. Í greininni er fullyrt að Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, hafi hringt í Guðjón og greint honum frá tengslum Sverris Ólafssonar og Ólafs Ólafssonar.

Hvorki Guðjón né sérstakur saksóknari gerðu athugasemdir við hæfi Sverris sem dómara í málinu og gerði sérstakur saksóknari ekki athugasemd við hæfi hans við meðferð málsins í héraðsdómi. Guðjón telur því sérstakan saksóknara fara með rangt mál þegar hann hafi neitað að hafa vitað af tengslum Sverris Ólafssonar og Ólafs Ólafssonar þegar aðalmeðferð hófst. - srs

Lögregla leitar þjófs:

# Rán um hábjartan dag

**LÖGREGLUMÁL** Þaulskipulagt rán var framið um hábjartan dag í markaði Samhjálpar í Ármúla í byrjun síðastliðins mánaðar.

Starfsmenn Samhjálpar höfðu komið fyrir þvottavél og þurrkara í starfsmannarými markaðarins í Ármúla. Maður kom á sendiferðabíl og sagðist vera að sækja tækin fyrir Samhjálp, en var ekki á vegum þeirra og ekkert hefur spurst til varningsins. Ránið hefur verið kært til lögreglu. - vh


**AFMÆLISVEISLA** Misao hélt upp á 117 ára afmæli sitt í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Misao Okawa látin 117 ára:

# Lifði fjóra keisara í Japan

**JAPAN Elsta manneskja heims, Misao Okawa í Japan, lést úr hjartabilun 117 ára gömul. Hún lést á hjúkrunarheimili í Osaka, borginni sem hún fæddist í þann 5. mars 1898. Hún hélt upp á afmælið sitt fyrir nokkrum vikum í marsmánuði og var veislan sýnd í ríkissjónvarpi Japans. Hana lifa þrjú börn hennar, fjögur barnabörn og sex barnabarnabörn.**

**Misao þakkaði langlífið átta tíma svefni á hverri nóttu og því að borða nóg af sushi, eftirlætisfæðu sinni. Misao hefur lifað fjóra keisara í Japan og tuttugu Bandaríkjaforseta.** -kbg

18.458 utan trúfélaga:

# Fækkað um 3,2% í kirkjunni

**TRÚMÁL** Hinn 1. janúar síðastliðinn voru sóknarbörn í þjóðkirkjunni 242.743 eða 73,8 prósent mannfjöldans. Fyrir tíu árum voru þau rúmlega 8.000 fleiri og hefur því sóknarbörnum fækkað um 3,2 prósent síðastliðinn áratug. Hagstofan greinir frá.

Kaþólska kirkjan er næstfjölmennasta trúfélagið með 11.911 félagsmenn. Flest hinna trú- og lífsskoðunarfélaganna eru smá og einungis fríkirkjurnar þrjár ná því að vera með yfir eitt prósent mannfjöldans innan sinna raða. Einstaklingar utan trú- og lífsskoðunarfélaga voru 18.458. - fbj

Dregið úr svartri starfsemi:

# Má leigja lögheimilið út

**EFNAHAGSMÁL** Einstaklingum, hjónum og sambúðarfólki verður heimilt að leigja út lögheimili sitt auk einnar annarrar fasteignar í allt að átta vikur á ári samkvæmt frumvarpi sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur lagt fyrir Alþingi til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Heimilt verður að leigja lögheimili og frístundahús í allt að 8 vikur samtals á ári. Markmiðið er að fækka leyfislausum og óskráðum gististöðum og draga þannig úr svartri atvinnustarfsemi. - kbg

# Sigmundur telur byggingarnar mikilvægar

**Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekki afgreitt tillögu um byggingu nýrrar Valhallar á Þingvöllum, Stofnun Árna Magnússonar og viðbyggingar við þinghúsið. Forsætisráðherra telur byggingarnar mikilvægar og að til séu fjármunir.**

**STJÓRNMÁL** „Það er virkilega ánægjulegt að sjá að þetta fallega hús Guðjóns Samúelssonar muni loks rísa á þessum stað, þar sem það fellur vel inn í umhverfið og prýðir miðborgina," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um tillögur sínar um viðbyggingu á Alþingisreitnum sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

Ríkisstjórnin hefur afgreitt þingsályktunartillögu forsætisráðherra um hvernig minnast skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018, en þar er meðal annars lagt til að byggt verði við Alþingishúsið eftir gömlum teikningum Guðjóns, auk þess sem Sigmundur vill reisa nýja Valhöll á Þingvöllum og ljúka við byggingu fyrir Stofnun Árna Magnússonar.


**UMDEILD TILLAGA** Ríkisstjórnin afgreiddi þingsályktunartillögu forsætisráðherra um nýjar byggingar á mánudag en þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekki enn afgreitt hana þar sem hún er of dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigmundur segir það mun hagkvæmara að byggja nýtt hús svo hægt sé að hýsa alla starfsemi Alþingis á einum stað, en nú fari háar fjárhæðir í að leigja húsnæði í kringum Austurvöll sem hann segir einn dýrasta reit landsins.

Ríkisstjórnin afgreiddi tillöguna á mánudag og var hún lögð fyrir þingflokka stjórnarflokkanna í kjölfarið. Hún hefur ekki enn verið afgreidd af þingflokki sjálfstæðismanna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja sjálfstæðismenn tillögurnar of dýrar í framkvæmd og enga þörf á þeim gífurlegu framkvæmdum sem í þeim felast.

Sigmundur er samt sem áður ákveðinn að um sé að ræða mikilvægar framkvæmdir.

„Ekki er síður síður mikilvægt að hús íslenskra fræða verði loks reist, þar sem þjóðin og ferðamenn geta meðal annars kynnst þjóðargersemunum, handritunum," segir Sigmundur.

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu á Háskóli Íslands til peninga til að leggja á móti kostnaði ríkisins við bygginguna og talið er að almenn samstaða sé um að klára það hús þegar möguleiki gefst.



Að auki hafi ríkið fengið tryggingabætur þegar Valhöll á Þingvöllum brann árið 2009 sem hægt væri að nýta til að hefja framkvæmdir þar. Húsið myndi nýtast við þjónustu við ferðamenn á svæðinu og auka virðisköpun. Þar á bæ eru menn því ósammála afstöðu þingflokks sjálfstæðismanna um of dýrar framkvæmdir.

fanney@frettabladid.is






Gjaldþrotum fjölgar um fimmtíu prósent og náðu metfjölda á síðasta ári:

# Gjaldþrotum fjölgar á milli ára

**EFNAHAGSMÁL** Alls 540 einstaklingar urðu gjaldþrota í fyrra miðað við 369 árið áður og er fjölgunin rúmlega 46 prósent. Ekki hafa nærri jafn margir orðið gjaldþrota frá aldamótum og á síðasta ári.

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi Umboðsmanns skuldara, sagði í viðtali við Stöð 2 skýringuna geta verið umræðu um að fyrningarfrestur skulda verði lengdur á ný. Svanborg sagði í fréttum Bylgjunnar í hádeginu að skýringin væri helst tvenns konar: „Fram eftir ári var ekki ljóst hvort fyrningarfresturinn yrði áfram tvö ár árið 2015. Síðan varð það ljóst í september í ræðu forsætisráðherra að svo yrði. En fólk fór kannski af stað samt þar sem það hafði áhyggjur af því að fyrningarfresturinn myndi lengjast." Fyrningarfresturinn snýst um þann tíma sem kröfuhafar geta enn gengið að skuldaranum. Áður gátu kröfur verið „lifandi" í nokkur ár en sá tími var styttur til að koma til móts við illa skuldsett fólk.

**Fleiri farið í gjaldþrot vegna styrkja**

„Hins vegar var það frá í febrúar í fyrra sem hægt var að sækja um fjárhagsaðstoð til að greiða skiptakostnaðinn og það voru um 112 sem fengu þann-


**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** Umræða um lengingu fyrningarfrests gæti skýrt fjölgun gjaldþrota. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ig greiðslur í fyrra," segir Svanborg. Til að geta farið í gjaldþrotameðferð þarf að greiða opinbert gjald, um 250 þúsund krónur, sem margir hafa ekki efni á. Því er búist við að fleiri hafi en ella, vegna styrkjanna, getað valið gjaldþrotaleiðina, segir Svanborg.

linda@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM68185




## Appið og Netbankinn

# Við bjóðum góða þjónustu í fjallinu

**Í Netbankanum og Appinu getur þú sinnt fjármálunum hvar og hvenær sem þér hentar.**

Hvort sem þú ert í stólalyftunni, í bústaðnum eða á ferðalagi í útlöndum getur þú sinnt öllum helstu bankaviðskiptum í tölvunni eða snjalltækjum. Þú sérð stöðuna á reikningunum þínum, millifærir, borgar reikninga, sinnir sparnaði eða skoðar nýjustu vildartilboðin.

Kynntu þér Appið og Netbankann á islandsbanki.is

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

## SPURNING DAGSINS



Sverrir, voru menn að gera úlfalda úr mýflugu?

**„Já, úlfaldinn er allavega hólpinn.“**
Fréttablaðið sagði frá því í gær að úlfalda hefði verið fórnað fyrir fyrstu skóflustungu að bænahúsi Múslima við Sogaveg. Gærdaginn bar vissulega upp á 1. apríl.

Verkföll vofa yfir á meðan ekkert þokast í samningum ríkisins og BHM:

# Segir ríkið sýna ábyrgðarleysi

**KJARAMÁL** „Það er ábyrgðarleysi ef menn reyna ekki til þrautar að semja áður en kemur til átaka,“ segir Páll Halldórsson, formaður Bandalags háskólamanna. Samninganefndir BHM og ríkisins funduðu í gærmorgun án þess að viðræðum miðaði áfram.

Páll segir að samninganefnd ríkisins hafi boðað til fundar aftur í næstu viku. „Það skella á verkföll í næstu viku og ríkið virðist ekki hafa áhuga á að koma í veg fyrir þau,“ segir Halldór „Ríkið hefur ekki komið með neitt tilboð en þetta snýst einfaldlega um að það komi einhverjir fjármunir í þetta.“



**PÁLL HALLDÓRSSON**

Kröfugerð BHM hefur legið fyrir frá því í janúar og Páll segir að viðræðurnar séu í raun framhald frá viðræðunum í fyrra en að ríkið bjóði ekkert umfram 3,5 prósenta launahækkun. Ef ekkert þokast áfram eru verkfallsaðgerðir óumflýjanlegar. „Fólk virðist vera að draga þann lærdóm að ef eitthvað á að miða áfram í þessum málum þá þurfi átök til, við sjáum til dæmis að Starfsgreinasambandið hefur einnig boðað til aðgerða,“ segir Páll.

BHM hefur boðað til verkfalla á þriðjudag en deilt hefur verið um lögmæti þeirra. Vonast er til að úrskurður um lögmæti verkfallanna liggi fyrir á mánudag. **- srs**

Skrefið stigið til fulls:

# Húshitun verður niðurgreidd

**ALÞINGI** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um að húshitunarkostnaður íbúa sem ekki eiga kost á hitun með jarðvarma verði að fullu niðurgreiddur frá og með næstu áramótum.

Hluti húshitunarkostnaðar hefur verið niðurgreiddur á undanförnum árum en með frumvarpinu á að stíga skrefið til fulls. Hækka þarf framlag til verkefnisins um 215 milljónir.



**SÓLHEIMAR** Matarsmiðja Matís verður stofnsett. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sólheimar og Matís:

# Vilja efla sjálfbær samfélög

**SAMFÉLAGSMÁL** Matís og Sólheimar í Grímsnesi hafa undirritað samstarfssamning um eflingu sjálfbærra samfélaga á Íslandi.

Samstarfið felur í sér að auka starfshæfni og nýsköpun við vinnslu og sölu matvæla og efla matarhandverk á Íslandi. Eins að bjóða innlendum og erlendum samstarfsaðilum upp á að nýta aðstöðuna á Sólheimum.

Fyrirhugað er að opna matarsmiðju að Sólheimum. Hún, líkt og aðrar matarsmiðjur Matís, þjóna öllum þeim matvælafrumkvöðlum og -framleiðendum sem áhuga hafa á vöruþróun en auk þess mun hún nýtast heimamönnum til framleiðslu og nýsköpunar. **- shá**

Aftökur í 22 löndum:

# Sex hundruð manns líflátin

**MANNRÉTTINDI** Að minnsta kosti 607 manns voru teknir af lífi á síðasta ári í samtals 22 löndum. Kína er þó undanskilið, þar sem Kínverjar birta ekki tölur um aftökur.

Talið er að Kínverjar hafi tekið meira en þúsund manns af lífi. Fyrir utan Kína voru Íranar og Sádi-Arabar stórtækastir í þessum efnum. Þá voru að minnsta kosti 2.466 manns dæmdir til dauða á síðasta ári í samtals 55 löndum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Amnesty International, sem hvetur Kínverja til að birta sínar tölur. **- gb**

# Telur ný húsaleigulög meingölluð og vond

Formaður Húseigendafélagsins gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp til breytinga á húsaleigulögum. Undanþága fyrir sérstök félagasamtök á borð við samtök námsmanna, öryrkja og aldraðra sé afnumin sem muni rústa leigustarfsemi þeirra.

**STJÓRNMÁL** „Lagahringl á ekki að viðgangast á svona viðkvæmum sviðum. Þetta frumvarp er vont og meingallað um flest og mun skaða leigumarkaðinn og gera hann erfiðari og ófriðsamlegri,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, um nýtt húsaleigulagafrumvarp Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra.

Sigurður segir frumvarpið, sem var afgreitt úr ríkisstjórn á mánudag, vera afturhvarf til laga sem giltu til ársins 1994 áður en ný lög voru samþykkt sem, að hans sögn, hafa virkað vel í yfir 20 ár og fundu jafnvægi milli leigusala og -taka.

„Húsaleigulögin eru leikreglurnar sem gilda á þessum markaði. Þetta kemur til dæmis framboði á leiguhúsnæði eða leigubótum ekkert við. Ég er búinn að harka í þessum bransa í um 40 ár, sem lögmaður, kennari og prófdómari í húsaleigurétti. Ég myndi gefa þessari löggjöf falleinkunn,“ segir Sigurður.

Hann segir nokkur atriði frumvarpsins beinlínis háskaleg.

„Það er mjög vanhugsað að fella niður ákvæði sem undanskilur lögin frá leigu til ákveðinna hópa, það er sérstakra félagasamtaka, eins og til dæmis námsmanna, aldraðra eða öryrkja. Þetta ákvæði er forsenda þess að félagasamtök sem leigja til þessara hópa geti stundað sína starfsemi. Þetta mun rústa leigustarfsemi til dæmis Félagsbústaða, Félagsstofnunar stúdenta og fleiri,“ segir Sigurður og bætir við að mun fleira megi gera athugasemdir við í þessu frumvarpi.



**LAGAHRINGL** Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, segir að frumvarp um breytingar á húsaleigulögum muni skaða leigumarkaðinn og gera hann ófriðlegan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður gerir einnig athugasemdir við að ekkert samráð hafi verið haft við Húseigendafélagið við samningu frumvarpsins.

„Við erum tæplega 100 ára félag en frumvarpið er samið af fólki sem hefur enga reynslu af húsaleigu, löggjafarstarfsemi eða lagasmíð. Þetta er úr öllum tengslum við raunveruleikann,“ segir Sigurður og bætir við að breytingarnar sem í frumvarpinu felast séu annaðhvort til óþurftar eða eyðileggingar.

„Hvers vegna að laga það sem ekki er bilað? Frumvarpið í heild er vont og viðvaningslegt og eyðileggur allar helstu réttarbætur laganna frá árinu 1994. Þá hafði leigumarkaði næstum því verið útrýmt og leigusalar létu húsnæði frekar standa autt en að leigja það út. Ég vona að þessa frumvarps bíði þrautameðganga og andvana fæðing,“ segir Sigurður.



**Ég vona að þessu frumvarpi bíði þrautameðganga og andvana fæðing.**

*Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins.*

fanney@frettabladid.is



**YARMOUK** Afar bág skilyrði eru í búðunum.

ISIS ræðst á Damaskus:

# Hertóku flóttamannabúðir

**SÝRLAND** Vígamenn Íslamska ríkisins réðust inn í flóttamannabúðirnar Yarmouk í Sýrlandi í gær.

Flóttamannabúðirnar hýsa um átján þúsund Palestínumenn sem eru á flótta frá heimalandi sínu. Skotbardagar hafa átt sér stað á milli vígamannanna og íbúa flóttamannabúðanna sem eru í Damaskus, höfuðborg Sýrlands.

Þetta er fyrsta árás Íslamska ríkisins svo nærri höfuðborginni en samtökin hafa lagt undir sig stóran hluta búðanna. Fólk í flóttamannabúðunum býr við afar léleg skilyrði en þær höfðu áður orðið fyrir loftárásum sýrlenska stjórnarhersins. **- srs**

Stórefld veðurþjónusta:

# Belgingur tekur við veðurfréttum

**VEÐUR** Veðurfréttir í Fréttablaðinu eru nú með breyttu sniði. Framvegis verður veðurkort dagsins á síðu 2, en nánari veðurfréttir aftar í blaðinu. Langtímaspá verður síðan að finna í helgarblaðinu.

Það er veðurfyrirtækið Belgingur sem sér nú um veðurfréttirnar. Belgingur hefur yfir áratugar reynslu í gerð veðurspáa í hárri upplausn. Með þessu er ætlunin að efla veðurþjónustu og setja veðurfréttir fram með myndrænni hætti en áður. **- kbg**




Píratar mælast enn með gott fylgi og eru nú næststærsti flokkurinn:

# Helgi segir ríkja lýðræðiskrísu

**STJÓRNMÁL** Töluverðar breytingar eru á fylgi flokka milli mánaða en Píratar auka fylgi sitt um rösklega sex prósentustig, en nær 22 prósent þeirra sem tóku afstöðu segjast myndu kjósa Pírata færu kosningar til Alþingis fram í dag. Þetta kemur fram í nýjum Þjóðarpúlsi sem Gallup gerði á landsvísu dagana 26. febrúar til 30. mars.

Helgi Hrafn Gunnarsson pírati segist vona að það séu áherslur flokksins á lýðræðisumbætur sem skili þeim fylgisaukningunni. „Ég held og vona að það séu áherslur okkar á lýðræðisumbætur sem leika stórt hlutverk. Það er lýðræðiskrísa á Íslandi þegar jafn fáir og raun ber vitni treysta Alþingi. Það er mjög alvarlegt mál og þetta gengur ekki til lengdar. Fólk er fljótt að kenna einhverju um, málþófi og spillingu til dæmis, en ég tel vandann djúpstæðari. Þetta er kerfið sjálft sem við vinnum eftir og þess vegna er það að mínu mati mjög mikilvægt að ráðast í lýðræðisumbætur og endurvekja umræðu um stjórnarskrána.“

Fylgi Bjartrar framtíðar minnkar um ríflega tvö prósentustig milli mánaða en nær 11 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú. Fylgi Framsóknarflokksins stendur í stað en fylgi annarra flokka minnkar um 1,1-1,3 prósentustig milli mánaða. Fjórðungur segist myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, næstum 16 prósent Samfylkinguna, nær 11 prósent Framsóknarflokkinn, liðlega 10 prósent Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. **- kbg**



**PÍRATAR Á SIGLINGU** Helgi Hrafn Gunnarsson segir lítið traust á Alþingi merki um djúpstæðan vanda og vonar að fylgisaukning við Pírata merki að fólk vilji lýðræðisumbætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRÐUR SVEINSSON

HAPPDRÆTTI das

DREGIÐ Á MORGUN!




# Viltu vinna íbúð?

## Við drögum út 30 milljóna króna íbúð að eigin vali 30. apríl.

HAPPDRÆTTI DAS 60 ÁRA

Í tilefni 60 ára afmælis Happdrættis DAS drögum við út í apríl glæsilega íbúð að eigin vali. Fylgist með DAS á Facebook og á DAS.is



➤ **Rúmar 102 milljónir í skattfrjálsum vinningum í apríl**
- íbúð að eigin vali að verðmæti 30 milljónir króna á tvöfaldan miða eða 30 milljónir í peningum
- 15 milljónir á einfaldan miða

Bjóddu lukkunni í lið með þér og fáðu þér miða núna!

Nýtt happdrættisár hefst í maí.
Enn glæsilegri vinningar en áður og vinningum mun fjölga.

**Kauptu miða á www.das.is**
**eða í síma 561 7757.**

Fylgstu með okkur á Facebook

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 73819 3/15

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað á veiðigjald á makríl að hækka mikið?
**2.** Hvar á landinu eru vatnsgæði lökust?
**3.** Hvaða teikning á að liggja til grundvallar nýju Alþingishúsi?

**SVÖRIN**

1. Um tvö hundruð prósent. 2. Fyrir austan og vestan. 3. Guðjóns Samúelssonar.

Þó nokkrir lögðu leið sína í Fiskikónginn til að gæða sér á framandi og spennandi kjötmeti:

# Vildu næla sér í úlfalda en fengu fiskibollur

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta gekk svo vel upp að pabbi hringdi í mig í morgun og vildi að ég tæki frá úlfaldakjöt fyrir sig," segir Kristján Berg Ásgeirsson, eigandi Fiskikóngsins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, hefði tekið fyrstu skóflustungu að mosku á lóðinni við Sogamýri. Í athöfninni átti Félag múslima að hafa fórnað úlfalda til að halda óvinveittum öflum frá moskunni og gæfi kjötið í Fiskikónginum við Sogaveg. Ekkert varð þó af fórninni né skóflustungunni þar sem um aprílgabb Fréttablaðsins var að ræða.

„Hér mættu um 40 til 50 manns," segir Kristján. „Fólk var í fyrstu pirrað en við leystum það út með tveimur kílóum af fiskibollum, síðan fór fólk bara út í bíl og hló að þessu. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og fiskibollufatið er alveg tómt," segir hann.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, var ein þeirra sem féllu fyrir gabbinu en á Facebook-síðu sína setti hún eftirfarandi stöðufærslu: „Ég hélt að það þyrfti að liggja fyrir byggingarleyfi áður en „fyrstu skóflustungur" væru teknar – en það er kannski bara misskilningur. Best að gúggla það," skömmu síðar áttaði hún sig á því að um aprílgabb var að ræða og gantaðist með það sjálf.

Fréttablaðið áréttar að frétt gærdagsins var aprílgabb og biður þá sem hlupu apríl velvirðingar. **- srs**



**FISKIKÓNGAR** Ekkert var um skóflustungu en fólk gat skóflað í sig fiskibollum í staðinn FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR








**SÁ GULI** Porskur í kari á hafnarbakka. Ísland er neðarlega á topp 20 lista þeirra þjóða sem mestum afla landa í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ísland er næstmesta fiskveiðilandið í EES

Ef Ísland yrði fullgildur aðili að Evrópusambandinu þá yrðu Íslendingar stærsta fiskveiðiþjóðin með fjórðung til fimmtung heildarafla sambandsins. Tölur evrópsku hagstofunnar sýna að landið er með um einn sjötta heildaraflans á EES.

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýting sjávarafla hér á landi er með því allra besta sem gerist í heiminum þótt Íslendingar séu ekki sú þjóð sem hvað mest veiðir á heimsvísu. Þetta kemur fram í úttekt í nýjasta tölublaði efnahagsritsins Vísbendingar.

Þar kemur fram að undanfarin ár hafi Ísland verið í 15. til 20. sæti yfir þau lönd sem mestum sjávarafla landa í heiminum. Sé bara litið til Evrópska efnahagssvæðisins sést hins vegar hversu þungt sjávarútvegurinn vegur í samanburði við nágrannalöndin.

Nýjar tölur Eurostat, evrópsku hagstofunnar, sýna að fiskveiðar Íslands árið 2013 námu tæplega 1,4 milljónum tonna, sem er næstmesti aflinn á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) á eftir Noregi sem veiddi rúmar 1,9 milljónir tonna. Í þriðja sæti er svo Spánn með veiðar upp á rúm 882 þúsund tonn.

Innan EES er Ísland því með um einn sjötta af heildarveiðunum, líkt og bent er á í Vísbendingu, en Norðmenn veiddu nærri fjórðung. „Þessi tvö EES-ríki, Ísland og Noregur, veiða samtals um 40 prósent af heildarveiði á svæðinu," segir í ritinu. Bent er á að yrði Ísland fullgildur aðili að Evrópusambandinu þá yrði landið þar mesta fiskveiðilandið með milli fjórðung og fimmtung aflans. „Ætla má að sjónarmið landsins myndu vega þungt í greininni," segir þar jafnframt.

Þá kemur fram í samantekt Vísbendingar að hér sé afli nýttur með skilvirkari hætti en víðast annars staðar. Nýting aflans sé best í Danmörku, á Íslandi og í Noregi. „Og hinar þjóðirnar eru langt á eftir. Sérstaklega vekur athygli að Spánverjar eru miklu neðar. Íslendingar eru með um það bil fjórum sinnum betri nýtingu á sínum flota en Spánverjar og Hollendingar." Þetta er sagt benda til þess að hagkvæmnin í íslenskum sjávarútvegi sé miklu meiri en hjá þessum þjóðum. „Væri sjávarútvegur innan Evrópusambandsins rekinn á samkeppnisgrunni væri staða íslensku útgerðanna mjög góð, enda eiga íslenskar útgerðir fyrirtæki innan Evrópusambandsins."

Í grein Vísbendingar er líka slegið á sögusagnir um að íslenskum sjávarútvegi kynni að stafa hætta af spænska fiskveiðiflotanum yrði af aðild Íslands að Evrópusambandinu. Vegna reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika myndu aðeins íslenskar útgerðir hafa veiðiheimildir í íslenskri landhelgi. Svipaðar sögur af Spánverjum hafi gengið bæði í Bretlandi og Danmörku. „En á báðum stöðum hefur þó útgerðin haldist í eigu og forsjá heimamanna." **olikr@frettabladid.is**

## Heildarfiskafli á EES-svæðinu 2013

| Land | Tonn |
|---|---|
| Slóvenía | 232 |
| Kýpur | 1.166 |
| Rúmenía | 1.617 |
| Malta | 2.355 |
| Búlgaría | 9.535 |
| Belgía | 25.377 |
| Grikkland | 63.625 |
| Eistland | 66.515 |
| Litháen | 74.803 |
| Króatía | 75.267 |
| Lettland | 115.759 |
| Finnland | 144.297 |
| Ítalía | 172.907 |
| Svíþjóð | 176.789 |
| Portúgal | 193.941 |
| Pólland | 195.477 |
| Þýskaland | 219.000 |
| Írland | 246.240 |
| Holland | 324.370 |
| Tyrkland | 339.047 |
| Frakkland | 528.732 |
| Stóra-Bretland* | 623.939 |
| Danmörk | 668.338 |
| Spánn | 882.309 |
| Ísland | 1.383.638 |
| Noregur | 1.943.912 |
| Evrópusambandslönd samtals | 4.730.975 |

*Eyjan Mön (6.357 tonna afli) meðtalin. Heimild: Eurostat*

# HAFÐU ÞAÐ GOTT UM PÁSKANA

## Þetta eina sanna!

### Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 13 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## PÁSKALAMB AF NÝSLÁTRUÐU







## HÄAGEN-DAZS ÍS



## AFGREIÐSLUTÍMI HAGKAUPS UM PÁSKANA

| | Skírdagur 2. apríl | Föstudagurinn langi 3. apríl | Laugardagur 4. apríl | Páskadagur 5.apríl | Annar í páskum 6. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma |
| GARÐABÆR | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma |
| EIÐISTORG | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma |
| KRINGLAN | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 10:00-19:00 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| SPÖNG | 10:00-20:00 | LOKAÐ | 10:00-20:00 | LOKAÐ | 12:00-20:00 |
| SMÁRALIND | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 12:00-19:00 |
| HOLTAGARÐAR | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 12:00-19:00 |
| AKUREYRI | 10:00-24:00 | LOKAÐ | 10:00-24:00 | LOKAÐ | 12:00-24:00 |
| NJARÐVÍK | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 |
| BORGARNES | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |
| SELFOSS | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |

Gildir til 6. apríl á meðan birgðir endast.




### Páskaleikur Hagkaups

Varstu að kaupa páskaegg? Þá getur þú fyllt út þátttökuseðil, heftað kvittunina við seðilinn og þú ferð í pottinn. 5x20.000 kr. gjafabréf verða dregin út þann 7. apríl.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

76 prósent vildu að samið yrði á grundvelli fyrirliggjandi vinnumats:

## Skrifuðu undir nýjan samning

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning vegna ríkisrekinna framhaldsskóla á að vera lokið eigi síðar en 15. þessa mánaðar. Fulltrúar Kennarasambands Íslands (KÍ) og samninganefndar ríkisins skrifuðu undir samninginn í gærmorgun.

Félagsmenn Félags framhaldsskólakennara (FF) og Félags stjórnenda (FS) í ríkisreknum framhaldsskólum felldu í febrúar samkomulag um nýtt vinnumat og þar með voru samningar þeirra lausir. „Könnun meðal félagsmanna leiddi hins vegar í ljós að 76 prósent þeirra voru fylgjandi því að gengið yrði á ný til samninga á grundvelli vinnumatsins,“ segir í tilkynningu KÍ.

Þar er haft eftir Guðríði Arnardóttur, formanni FF, að nýtt samkomulag sé í helstu atriðum líkt hinu fyrra, en nú sé búið að jafna mun á milli greina, styrkja ramma utan um ráðningarhlutföll og tryggja að sýnidæmi vinnumats gildi sem lágmarksviðmið. *- óká*



**HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA** Fulltrúar samninganefnda FF og FS skrifa undir nýjan samning. MYND/KÍ

Mest 6.200 tonn:

## Grásleppukarlar fá aukadaga

**SJÁVARÚTVEGUR** Í ralli Hafrannsóknastofnunar í mars fékkst hæsta mæling á grásleppustofninum í níu ár. Í samræmi við jákvæða ráðgjöf stofnunarinnar hefur verið ákveðið að fjölga dögum til grásleppuveiða úr 20 í 32.

Samkvæmt ráðgjöfinni er miðað við að heildarveiði á grásleppu á þessari vertíð verði ekki meiri en 6.200 tonn. Ætla má að það svari til um 11.272 tunna af hrognum. *- shá*

# Fyrrverandi kærasti dæmdur í sextíu daga fangelsi

**Fyrrverandi kærasti Katrínar Lilju Sigurjónsdóttur birti nektarmyndir af henni eftir að þau hættu saman. Hún kærði myndbirtinguna til lögreglu og sótti sér sálræna aðstoð til Stígamóta. Fyrrverandi kærasti hennar var dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi og til að greiða henni miskabætur.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** „Takk fyrir að halda fram hjá mér sæta.“ Þetta stóð við nektarmyndir af Katrínu Lilju Sigurjónsdóttur sem fyrrverandi kærasti hennar birti af henni á Facebook í febrúar í fyrra.

Katrín Lilja er þolandi hefndarkláms og varð eðlilega fyrir miklu áfalli en er óðum að ná fyrri styrk. Sá sem braut á henni var í síðustu viku dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi vegna málsins og gert að borga henni 250 þúsund krónur í miskabætur.

### Skjáskot af nektarmyndum

„Við vorum búin að vera saman í eitt og hálft ár og ég sendi honum þessar myndir sjálf. Ég sá þær aldrei sjálf á netinu, heldur skjáskot af þeim daginn eftir. Þær höfðu þó verið það lengi á netinu að nægur tími gafst til að taka skjáskot af þeim. Skjáskotin sem ég sá voru tekin tæpum tíu mínútum eftir að myndirnar voru settar á netið.“

### Erfitt að segja mömmu

Katrín var á leiklistaræfingu með vinum sínum þegar hún frétti af myndunum á netinu. Ég lét ekki á neinu bera og fór afsíðis þar sem vinkona mín sýndi mér skjáskot. Það sást allt á þessum myndum, segir Katrín Lilja en myndefnið var kynfæri hennar og rass. Ég tók sjálf þessar myndir. Við vorum búin að vera saman í eitt og hálft ár. Við höfðum búið saman, það var traust á milli okkar,“ segir hún og bætir því við að hún hafi beðið hann um að eyða myndunum.

Henni fannst erfiðast að segja móður sinni fréttirnar. „Mamma sótti mig á leiklistaræfingu, ég vildi ekki þurfa að segja móður minni þetta og fannst það erfitt. En þegar því var lokið var auðveldara að stíga næstu skref. Mamma hafði strax samband við lögregluna. Ég fann að ég hafði fullan stuðning hennar og allrar fjölskyldunnar. Daginn eftir fór ég því á lögreglustöðina og leyfði lögreglumanni að skoða símann minn.“

### Neitaði fyrst

Í fyrstu neitaði pilturinn að hafa sett myndirnar á netið og sagði vin sinn hafa gert það. „Hann dró það þó til baka þegar málið var komið til lögreglu og hefur vafalaust óttast að allir vinir hans yrðu yfirheyrðir. Ég var yfirheyrð af lögreglumanni sem sérhæfir sig í kynferðisbrotum og fór í viðtal til félagsráðgjafa. Mamma var hjálpleg. Hún hringdi strax í Stígamót. Ég fékk mikla aðstoð þaðan á jafningjagrundvelli sem hjálpaði mér að vísa burtu skömminni.

Hún vill ræða um reynslu sína til að aðstoða aðra þolendur hefndarkláms. „Ég veit að þó að ég hafi tekið myndirnar sjálf, þá er ekkert sem gefur öðrum leyfi til að setja þær á netið eða skoða þær á netinu. Þetta eru persónulegar heimildir sem hann hafði um mig og hefur ekki rétt til að deila. Það er mikilvægt að allir viti þetta. Mig langar líka til þess að stelpur viti að það fæst góð hjálp hjá Stígamótum. Hjálpin þaðan skipti mig miklu máli. Það er algengt að stelpur haldi að þetta hverfi, það er misskilningur. Það þarf að vinna í þessu.“

### Baktal frá næstu bæjum

Hún segist hafa ákveðið að láta ekki reynsluna buga sig. „Ég er búin að þroskast og hef fært mig nær vinum og fjölskyldu. Það skiptir máli að eiga gott bakland í vinum og fjölskyldu þegar maður verður fyrir svona áfalli. Það voru ótrúlega margir sem hringdu í mig til að tala við mig um þetta að fyrra bragði. Vinkonur mínar voru duglegar að hringja, þær vildu koma því á hreint að þær fyrirlitu mig ekki fyrir þetta. Mér fannst það gott.“

Katrín Lilja er frá Neskaupstað og hann er frá Seyðisfirði. Þótt hún sé örugg í eigin bæjarfélagi segist hún verða vör við illar augnagotur og baktal þegar hún kemur til Egilsstaða. „Hann er frá Seyðisfirði og þegar ég fór til Egilsstaða fékk ég ekki fallegt augnaráð og fann fyrir því að fólki finnst að ég hefði ekki átt að taka þessar myndir. En ég læt það ekki buga mig.“



**TRAUSTIÐ FARIÐ** Katrín Lilja treysti fyrrverandi kærasta sínum sem braut á henni með því að birta af henni nektarmyndir. Aðsend mynd

### ➜ Fyrsti dómurinn gegn hefndarklámi



Dómur sem féll í Héraðsdómi Austurlands þann 27. mars er sá fyrsti þar sem dæmt er fyrir hefndarklám. Í febrúar á síðasta ári birti fyrrverandi kærasti Katrínar Lilju fimm nærmyndir af bakhluta og kynfærum hennar á Facebook-síðu sinni með orðunum „Takk fyrir að halda framhjá mér sæta“ og nafni hennar. Hún var þá nýorðin sautján ára. Myndirnar hafði hún sjálf tekið og sent honum meðan á sambandi þeirra stóð.

Fyrir dómi hélt hann því meðal annars fram að myndbirtingin stjórnaðist ekki af kynferðislegri þörf heldur reiði. Af hvaða hvötum ákærði stjórnast þegar hann birti myndirnar breytir ekki eðli verknaðarins. Ákært er fyrir birtingu myndanna en ekki töku þeirra og óumdeilt er að birtingin hafi verið í algjöru heimildarleysi, til þess fallin að brjóta gegn blygðunarsemi stúlkunnar.

Dómurinn hafnaði þeirri röksemdafærslu piltsins sem og öðrum sem hann reyndi að hafa uppi. Í dóminum segir að ekkert bendi til annars en að sú háttsemi að birta myndirnar sé af kynferðislegum toga, það er tekið tillit til hættunnar, sem fylgdi myndbirtingunni, á auðveldri dreifingu myndanna. Pilturinn var dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára. Þá var honum gert að greiða 620 þúsund krónur í sakarkostnað og stúlkunni 250 þúsund í miskabætur.

### ➜ Vilja skýra löggjöf



Björt Ólafsdóttir færir í frumvarpi um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem hefndarklám er gert refsivert þau rök fyrir máli sínu að einstaklingar, einkum konur, verði á netinu oft fyrir kerfisbundnu ofbeldi. „Brýnt er að skilaboð séu skýr til notenda netsins um að þegar þeir fá mynd í hendurnar þá eigi þeir hana ekki og hafi ekki heimild til að dreifa henni áfram. Á þetta ekki hvað síst við þegar um er að ræða mynd eða myndskeið sem augljóst er af efninu að ekki er ætlað til dreifingar, svo sem þar sem nekt kemur við sögu eða kynferðislegir tilburðir eða ástand sem augljóst er að einstaklingurinn á myndinni mundi ekki vilja að alþjóð eða heimurinn sjái. Mikilvægt er að fólk taki ábyrgð og taki ekki þátt í að dreifa myndefni sem þessu.“




ASA HÁLSMEN 19.300 kr.
ASA HRINGUR 13.400 kr.
ASA LOKKAR 7.800 kr.

Fallegar fermingargjafir



FOSSIL 36.700 kr.



JACQUES LEMANS 19.900 kr.



CASIO 5.700 kr.



Daniel Wellington 24.500 kr.

Kíktu á úrvalið í vefversluninni á michelsen.is

MICHELSEN ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is

# PÁSKAR!

## Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI



**Páskaliljur 10 stk.**
**999**
meðan birgðir endast

**2 stk 799 kr**
PÁSKALILJUR Í POTTI

**1 stk 499 kr**
PÁSKALILJUR Í POTTI




**59.900 kr**
FULLT VERÐ: 65.900

ROYAL 320
3000604

**Hágæða grill frá Norður Ameríku**
3 ryðfríir brennarar: Grillgrind úr pottjárni
Postulínshúðuð vermigrind
Grillflötur: 38 x 67 cm



**1.490 kr**
TÚLÍPANAR 10 STK



**20% afsláttur**
AF ÖLLU PÁSKASKRAUTI
(gildir ekki af ferskvöru)



**999 kr**
VOR ERIKA

**25% afsláttur**
ÖLL HARPA SJÖFN MÁLNING!

**7.421 kr**
FULLT VERÐ: 9.895




Harpa Sjöfn veggmálning 10 ltr.
Sterk silkimött innimálning
7119968-7120006
10 ltr

### Afgreiðslutími um páska
Sjá afgreiðslutíma um land allt á husa.is

| Verslun | Skírdagur 2. apríl | laugardagur 4. apríl | Annar í páskum 6. apríl |
|---|---|---|---|
| Skútuvogur | 10-19 | 10-18 | 11-17 |
| Grafarholt | 11-18 | 10-18 | Lokað |
| Hafnarfjörður | 12-17 | 10-17 | Lokað |
| Akureyri | 11-15 | 10-16 | Lokað |
| Selfoss | 11-15 | 10-16 | Lokað |

Lokað í öllum verslunum föstudaginn langa og páskadag

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Gildir fimmtudag meðan birgðir endast

Nýskipuð nefnd fundar:

## Fulltrúum var fjölgað um tvo

**STJÓRNSÝSLA** Eftir breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er ráðgjafarnefnd sjóðsins nú skipuð sjö fulltrúum í stað fimm áður.

Fram kemur á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga að fyrsti fundur nýskipaðrar nefndar hafi farið fram í innanríkiráðuneytinu í síðustu viku. Sambandið tilnefnir sex fulltrúa en nýr formaður, skipaður án tilnefningar, er Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi. - óká

Advania varð fyrir valinu hjá bandaríska hátæknifyrirtækinu Planet Labs:

## Hýsa myndir utan úr geimnum

**TÆKNI** Planet Labs, bandarískt hátæknifyrirtæki, hefur valið Advania sem hýsingaraðila fyrir safn háskerpumynda sem floti gervihnatta fyrirtækisins tekur stöðugt af jörðinni. Planet Labs rekur 71 gervihnött sem allir eru á sporbaug um jörðina og vakta ástand hennar. Hver gervihnöttur er aðeins um metri að lengd, tíu sentimetrar að breidd og vegur aðeins um fjögur kíló.

Gervihnettirnir skanna allt yfirborð jarðarinnar einu sinni á hverjum sólarhring og fylgjast m.a. með ástandi ræktarlands, vatnsforða og vexti þéttbýlis. Hýsing, flokkun og öruggur aðgangur að hinu gríðarstóra myndasafni Planet Labs er í gegnum Advania Open Cloud, tölvuský Advania. Þessi lausn byggir á Qstack-hugbúnaðinum frá Greenqloud og gagnaverum Advania hér á landi, segir í tilkynningu Advania.

Planet Labs var stofnað árið 2010 af vísindamönnum sem áður störfuðu hjá NASA. - shá



**UTAN ÚR GEIMNUM** Höfnin í San Francisco í BNA. MYND/PLANETLABS

Hvetji EFTA til samninga:

## Vilja aukna fríverslun við Asíu

**STJÓRNMÁL** Fimm þingmenn Samfylkingarinnar vilja að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, hefji viðræður um fríverslun við Fríverslunarsamtök Suðaustur-Asíu, ASEAN.

Í rökstuðningi með þingsályktun þeirra er bent á að slíkt samkomulag væri rökrétt framhald af fyrri fríverslunarsamningum en á síðasta kjörtímabili samdi Ísland um tvíhliða fríverslunarsamning við Kína. - srs

Fjölgun kallar á nýjan skóla.

## Vill fá íþróttaskóla í Kópavog

**STJÓRNMÁL** Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt fram þingsályktunartillögu um stofnun íþróttaskóla í Kópavogi.

Í tillögunni er stjórnvöldum gert að hefja viðræður við Kópavogsbæ um stofnun nýs framhaldsskóla sem sérhæfir sig í íþróttum. Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að mikil fjölgun íbúa í Kópavogi kalli á nýjan framhaldsskóla í bænum en fyrir er einn framhaldsskóli í Kópavogi. - srs




# Aðild orðin að veruleika

**Palestína varð í gær aðildarríki Alþjóðlega sakadómstólsins, þrátt fyrir hörð andmæli bæði frá Ísrael og Bandaríkjunum. Dómstóllinn getur þar með tekið til rannsóknar bæði Ísraela og Palestínumenn vegna stríðsglæpa.**

**PALESTÍNA** Aðild Palestínu að Alþjóðlega sakadómstólnum, sem er stríðsglæpadómstóll, tók gildi í gær og þýðir að dómstóllinn hefur nú umboð til að rannsaka meinta stríðsglæpi sem framdir hafa verið frá og með 13. júní síðastliðnum.

Það þýðir að Gasastríðið síðastliðið sumar, sem hófst 8. júlí og stóð í fimmtíu daga, fellur innan tímabilsins. Bæði Ísraelar og Palestínumenn hafa verið sakaðir um að hafa framið stríðsglæpi í þessum átökum.

Loftárásir Ísraela á Gasa kostuðu meira en 2.000 Palestínumenn lífið. Langflestir þeirra voru almennir borgarar. Ísraelar misstu aftur á móti 66 hermenn og sex almenna borgara. Flugskeytasendingar Palestínumanna yfir landamærin til Ísraels hafa sömuleiðis verið sagðar stríðsglæpir, enda var almennum borgurum með þessu stefnt í hættu þótt lítið tjón hafi í reynd orðið af flugskeytunum.

Hvorki Palestínumenn né Ísraelar geta, ekki frekar en önnur lönd, formlega kært mál til dómstólsins. Dómstóllinn getur hins vegar sjálfur haft frumkvæði að rannsókn, og hægt er að senda honum upplýsingar til skoðunar.

Dómstóllinn gæti einnig tekið til rannsóknar framferði Ísraela á hernumdu svæðunum. Samkvæmt sáttmálanum, sem dómstóllinn starfar eftir, telst bæði landtaka á hernumdum svæðum og nauðungarflutningar íbúa hernuminna svæða til stríðsglæpa.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja aðild Palestínu að dómstólnum fagnaðarefni. Ríki heims eigi að sýna henni stuðning.

Bandaríkin, Ísrael og Kanada eru hins vegar gagnrýnd fyrir að hafa reynt að vinna gegn aðild Palestínu að dómstólnum.

Frá því Benjamín Netanjahú varð forsætisráðherra Ísraels árið 2009 hafa Ísraelar eyðilagt heimili meira en fimm þúsund Palestínumanna á Vesturbakkanum. Jafnframt hafa Ísraelar á þessu sama tímabili reist eða hafið byggingu meira en 10 þúsund heimila fyrir ísraelska landtökumenn á Vesturbakkanum.

„Stjórnvöld ríkja, sem leitast við að refsa Palestínumönnum fyrir að gerast aðilar að Alþjóðlega sakadómstólnum eiga strax að láta af þrýstingi sínum,“ segir Balkees Jarrah hjá Human Rights Watch. „Það sem er gagnrýnivert eru þessar tilraunir til að grafa undan alþjóðlegu réttarfari, ekki ákvörðun Palestínu um að gerast aðilar að samningi sem meira en 100 lönd víðs vegar um heim eiga aðild að.“

Mannréttindavaktin segir hvorki Ísraela né Palestínumenn hafa staðið sig vel við að draga sína menn til ábyrgðar fyrir stríðsglæpi, hvorki sumarið 2014 né heldur fyrri brot.

Rannsókn á atburðunum síðasta sumar stendur þó yfir á vegum ísraelska hersins og Ísraelsríki hefur sömuleiðis boðað rannsókn. Ekki er vitað til þess að Palestínumenn ætli að gera neina rannsókn á þessum atburðum.

gudsteinn@frettabladid.is



**KONUR Á GASA** Mikil eyðilegging varð í 50 daga loftárásum Ísraelshers á Gasasvæðið síðasta sumar. NORDICPHOTOS/AFP

> **Það sem er gagnrýnivert eru þessar tilraunir til að grafa undan alþjóðlegu réttarfari, ekki ákvörðun Palestínu um að gerast aðilar að samningi sem meira en 100 lönd víðs vegar um heim eiga aðild að.**
>
> *Balkees Jarrah, Human Right Watch*



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# OPIÐ Í DAG SKÍRDAG

# 10:00-19:00

**AFGREIÐSLUTÍMI** Í BÓNUS YFIR PÁSKA 2015

| | | |
|---|---|---|
| Skírdagur | **2.apríl** | **10:00-19:00** |
| Föstudagur | **3.apríl** | **LOKAÐ** |
| Laugardagur | **4.apríl** | **10:00-19:00** |
| Páskadagur | **5.apríl** | **LOKAÐ** |
| Mánudagur | **6.apríl** | **12:00-18:00** |

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Menningarbylting í boði ríkisstjórnarinnar:

# Ímynduð samfélög fornminja

Marga rak í rogastans þegar þeir sáu forsíðu Fréttablaðsins í gær og þeir voru margir sem tóku aðalfréttinni sem aprílgabbi. „Nýtt Alþingishús eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar,“ var fyrirsögnin og fréttin fjallaði um þingsályktunartillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra sem kveður á um nýja viðbyggingu við Alþingishúsið, byggingu yfir Stofnun Árna Magnússonar og byggingu nýrrar Valhallar á Þingvöllum. Það var ekki endilega sú hugmynd að ráðast þyrfti í umræddar byggingar sem vakti furðu, þær eru án efa allar góðra gjalda verðar. Nei, það var miklu fremur sú hugmynd að dusta rykið af teikningum Guðjóns Samúelssonar sem varð mönnum undrunarefni.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

„Tillaga til þingsályktunar um hvernig minnast skal aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands,“ er fullur titill á umræddri tillögu forsætisráðherra. Hún er merkileg lesning, þar svífur andi þjóðernisrómantíkur svo yfir vötnum að Hriflu-Jónasi hefði orðið sómi af. Eftir lýsingu á því hvernig Guðjón var fenginn til að hanna nýbyggingu við Alþingishúsið sem hýsa mundi starfsemi Háskóla Íslands og stúdentagarð, segir til að mynda: „Það fer þar af leiðandi vel á því að nú þegar Íslendingar hafa í heila öld notið þeirra framfara sem fylgdu í kjölfar fullveldis verði lokið við byggingaráformin.“

Þetta vekur margar spurningar. Þá fyrstu auðvitað, og sígildustu, hvort fullveldið eitt og sér hafi verið slík forsenda framfara sem þjóðernisræknir Íslendingar vilja vera láta, eða hvort tíminn hafi einfaldlega liðið með sínum tækniframförum í sjávarútvegi sem skutu stoðum undir efnahag þjóðarinnar. Já, og ekki skemmdi Marshall-aðstoðin fyrir. Látum það liggja á milli hluta. Það er hins vegar umhugsunarvert af hverju það þarf sérstaklega að fagna umræddum framförum með því að byggja viðbyggingu sem ekki á að nota eins og upphaflega var ætlað, því trauðla er ætlunin að gera stúdentagarða við þinghúsið. Sem væri reyndar spennandi, fjör og frísklegheit, Fram á nótt sungið fram undir morgun og jafnvel inn í þingfundi.

En það er meira í tillögunni. Halda á samkeppni meðal arkitekta um hönnun hússins og tengibygginganna að öðru leyti og þannig fá íslenskir arkitektar samtímans tækifæri til að hanna hús með Guðjóni Samúelssyni. Það er ekki eftir litlu að slægjast, eins og segir í tillögunni sjálfri:

„Með því vinna kynslóðir fullveldisstofnunarinnar með kynslóðum samtímans við uppbyggingu til framtíðar. Um leið og horft er til framtíðar er fortíðinni sýnd virðing og draumar fyrri kynslóðar uppfylltir í þágu framtíðarkynslóða.“

Það er ekkert annað. Nú má vel vera að aldamótakynslóðin, og er þar vísað til þarsíðustu aldamóta, hafi haft það svo slæmt að vonir hennar og væntingar hafi risið hæst í draumum um viðbyggingu við Alþingishúsið. Heldur er það þó ólíklegt. Mun líklegra er að verið sé að uppfylla drauma stjórnmálamanna nútímans sem vilja skilja eftir sig minnisvarða í anda klassískra bygginga fortíðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817
Þú færð GSM áskrift, internet og heimasíma fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpspökkum 365.

0 kr. 4 GSM áskriftir 60 mín. og 60 SMS*
0 kr. Internet 20 GB
0 kr. Heimasími 100 mín.**
*60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift. **Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að hlaupa apríl – öfugt

Netið breytir ýmsu í lífi mannfólksins, mest til hins betra. Meðal þess sem hefur breyst er upplifun fólks þann 1. apríl ár hvert. Aprílgöbbin fara þannig mikið til fyrir ofan garð og neðan hjá fjölda fólks vegna yfirlýsingaglaðra vina á samfélagsmiðlum sem keppast við að benda á hvaða dagur sé og koma í veg fyrir að grunlausir félagar sínir hlaupi apríl. Aftur á móti gerist það þess í stað að menn hlaupa nokkurs konar öfugan apríl, halda að fréttaflutningur allan þann daginn sé uppspuni frá rótum og trúa ekki stöku orði sem frá fjölmiðlum kemur.



### Augljóst gabb

Þannig var frétt Markaðarins í gær um mögulega komu kleinuhringjakeðjunnar Dunkin' Donuts til landsins í margra huga ótrúverðug. Einnig fannst mýmörgum forsíðufrétt Fréttablaðsins, um viðbyggingu við Alþingishúsið eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, afar léleg tilraun blaðsins til að gabba lesendur. Einn þeirra sem hljóp þar apríl öfugt var bloggarinn og samfélagsrýnirinn Egill Helgason, sem var í það minnsta efins um sannleiksgildi fréttarinnar. Hann skrifaði meðal annars: „Sumt er svo augljóslega aprílgabb að maður heldur bara áfram að fletta.“



### Það sem sannara reynist

Á þessum stað og víðar í gær var það fullyrt að í frumvarpi Sigríðar Andersen og Birgis Ármannssonar væri þess krafist að undirritaður yrði samningur á milli fjölmiðlafólks og viðmælenda áður en upptaka á viðtali gæti farið fram. Svo er ekki. Aðeins er farið fram á að viðmælendum sé kynnt að hljóðritun fari fram og ekkert sem kallar á samþykki þeirra fyrir hljóðrituninni sem slíkri, enda fælist það í áframhaldandi samtali ef um slíkt yrði að ræða. Beðist er velvirðingar á þessum rangfærslum.

fanney@frettabladid.is,
kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Látum unglingana í friði

LÝÐRÆÐI



Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur

Enn á ný er sú tillaga komin fram um að kosningaaldur verði lækkaður í 16 ár. Meðal þeirra raka sem heyrast nefnd í þessu sambandi er að með þessu sé verið að efla lýðræðið og að aðrar þjóðir hafi nú þegar tekið þetta skref. Stjórnmálaflokkar sem leggja þetta til eru að seilast í atkvæði.

Það eru ýmis veigamikil rök gegn því að kosningaaldur verði lækkaður í 16 ár. Fyrst er einfaldlega að nefna að með lögum frá 1997 fá ungmenni hvorki sjálfræði né fjárræði fyrr en þau hafa náð 18 árum. Það myndi því skjóta skökku við að kosningaaldur verði lækkaður í 16 ár.

Þegar samkeppni stjórnmálaflokka skellur á í aðdraganda kosninga er ekki erfitt að sjá fyrir sér hvernig sótt verður að 16-18 ára unglingum verði kosningaaldur lækkaður í 16 ár. Vel kann að vera að einhverjir unglingar á þessum aldri hafi mótað sér skoðanir á stjórnmálum og stjórnmálaflokkum. Það á ekki hvað síst við um börn sem alin eru upp á heimilum þar sem almenn stjórnmálaumræða á sér stað eða að foreldrarnir sjálfir hafi skilgreint sig til hægri eða vinstri. Að sama skapi má gera ráð fyrir hópi ungmenna á aldursbilinu 16-18 ára sem hafa lítið eða ekkert leitt hugann að stjórnmálum yfir höfuð hvað þá myndað sér skoðanir í þeim efnum. Það er einmitt þessi hópur sem er hvað mest viðkvæmur fyrir áreiti stjórnmálaafla í atkvæðaleit. Í samkeppninni munu stjórnmálaöflin í ákafö sinni eftir atkvæðum beita ýmsum þrýstiaðferðum m.a. í formi alls kyns freistandi tilboða í þeim tilgangi að laða að yngstu kjósendurna.

Um 16 ára aldurinn standa flestir unglingar á tímamótum. Um þetta leyti eru þeir að ljúka grunnskóla og eru að taka ákvörðun um hvert þeir vilja stefna í lífinu. Eins og allir vita sem umgangast börn og unglinga þá munar mikið um hvert ár í þroska sérstaklega á þessu aldursskeiði. Það sem skiptir höfuðmáli er að ungmenni fái svigrúm og frið til að þroska eigið sjálf. Að þau fái hvatningu og örvun til að styrkja sjálfsmynd sína, næði til að móta persónulegan lífsstíl og að finna sig sem hluta af ákveðinni heild. Þetta er kjarni þess að vera barn og unglingur. Á þessum árum er vinahópurinn jafnan í miklum forgangi. Verkefnin eru því næg þótt 16-18 ára ungmenni séu ekki líka krafin um pólitíska afstöðu og trúnað við stjórnmálaafl.

Okkur ber skylda til að vernda börn og ungmenni gegn hvers skyns ágengni, áróðri eða þrýstingi til að taka afstöðu í hagsmunapoti ólíkra samfélagsafla. Flestir unglingar undir 18 ára aldri hafa hvorki öðlast langa né mikla lífsreynslu. Þau hafa þar af leiðandi ekki öðlast mikla færni í að greina á milli manna né málefna og eru því býsna berskjölduð fyrir áreitum.

# Bandaríska stjórnarskráin: Er hún úrelt?

ÍDAG



**Þorvaldur Gylfason**
hagfræðiprófessor

> Af þessari reynslu Bandaríkjamanna má ráða, hversu fráleitt það er að halda því fram, eins og t.d. forseti Íslands hefur gert, að almenn sátt þurfi að ríkja um nýja stjórnarskrá.

Margir líta svo á, að styrkur Bandaríkjanna sem stórveldis á flestum sviðum vitni um traustar stjórnskipulegar undirstöður. Því beri enga brýna þörf til að endurskoða stjórnarskrá landsins frá 1787, enda hafi 27 viðaukar við textann með tímanum dugað vel handa breyttum tíðaranda. Aðrir benda á, að styrkur Bandaríkjanna innan lands og út á við hafi farið þverrandi m.a. vegna ýmissa innanmeina, sem beinlínis megi rekja til veilna í stjórnarskránni. Í þessum síðari hópi er Sanford Levinson prófessor í lagadeild Háskólans í Texas. Bók hans Our Undemocratic Constitution bregður birtu á vandann.

**Fíladelfía 1787**

Bandaríska stjórnarskráin var umdeild strax í upphafi. Stjórnlagaþingið í Fíladelfíu 1787 sátu 55 fulltrúar 12 ríkja eða fylkja. Á þinginu var tekizt á um ólíka hagsmuni norðurríkja og suðurríkja, fámennra fylkja og fjölmennra. Af fulltrúunum 55 fengust 39, eða 70%, til að staðfesta skjalið með undirskrift sinni, en þrír neituðu að skrifa undir, og 13 fulltrúar voru farnir heim í fússi fyrir þinglok. Bandaríkjaþing taldi sig ekki hafa umboð til að hnika svo miklu sem einu orði textans og sendi hann því óbreyttan til afgreiðslu fylkjanna 13, þar sem sérstök stjórnlagaþing afgreiddu frumvarpið eða haldnar voru almennar atkvæðagreiðslur um það. Pauline Maier prófessor í sagnfræði á MIT, Tækniháskólanum í Massachusetts, lýsir því í bók sinni Ratification, að umræður almennings um stjórnarskrárfrumvarpið voru líflegri en nokkur dæmi eru önnur til um í sögu Bandaríkjanna. Mjótt var á munum. Hefðu 20 kjósendur sagt nei frekar en já, hefði stjórnarskráin dottið niður dauð. Af þessari reynslu Bandaríkjamanna má ráða, hversu fráleitt það er að halda því fram, eins og t.d. forseti Íslands hefur gert, að almenn sátt þurfi að ríkja um nýja stjórnarskrá. Það er þvert á móti eðlilegt, að menn greini á um nýja stjórnarskrá, þar eð henni er skv. eðli máls ætlað að vega og meta ólíka hagsmuni. Því hlýtur meiri hluti kjósenda að ráða för eins og raunin varð í Bandaríkjunum 1787-1788 – og á Íslandi 2010-2012. Engin önnur lending kemur til álita í lýðræðisríki.

**Lýðræðishalli**

Nú standa Bandaríkjamenn frammi fyrir þeirri staðreynd, að mikill hluti kjósenda þar vestra vantreystir Bandaríkjaþingi og hæstarétti og þrír Bandaríkjamenn af hverjum fjórum segjast telja landið vera á rangri braut skv. skoðanakönnunum. Þessar tölur vitna um dvínandi styrk. Bandaríkin hafa að vísu ekki þurft að glíma við hreint og beint hrun síðan í kreppunni miklu 1929-1939, en mikið vantraust vitnar um veikleika og hlýtur að vekja grunsemdir um fúa í undirstöðum stjórnskipunarinnar líkt og í hrundum löndum. Hvernig getur það gerzt í lýðræðisríki, að meiri hluti kjósenda vantreysti kjörnum fulltrúum?

**Fjórar meintar veilur**

Til að svara spurningunni tilgreinir Sanford Levinson prófessor í Texas fjórar meintar veilur í stjórnarskrá Bandaríkjanna. Hin fyrsta varðar ójafnt vægi atkvæða. Málamiðlunin í Fíladelfíu 1787 milli fámennra fylkja og fjölmennra fól í sér löggjafarþing í tveim deildum, þar sem fjöldi fulltrúa hvers fylkis skyldi standa í réttu hlutfalli við fólksfjölda í neðri deild (fulltrúadeild) og öll fylki skyldu óháð fólksfjölda hafa tvo fulltrúa í efri deild (öldungadeild). Misvægi atkvæðisréttarins hefur í krafti þessa ákvæðis ágerzt með tímanum. Nýlegt er dæmið um tvær konur, sem voru kjörnar til setu í öldungadeildinni, önnur frá Kaliforníu 2012 með 6,5 milljónir atkvæða að baki sér og hin frá Alaska 2010 með 100.000 atkvæði að baki sér. Alaska er alræmt fyrir það, sem Bandaríkjamenn kalla svínarí (pork barrel) og við köllum kjördæmapot.

Næsta veila snýr að forsetanum. Þingið getur ekki losað sig við forsetann, nema hann verði uppvís að lögbroti. Þannig gat Bandaríkjaþing t.d. ekki losað sig við George W. Bush forseta, þótt hann væri rúinn trausti, líkt og meiri hluti Íhaldsflokksins í brezka þinginu gat losað sig við Margréti Thatcher forsætisráðherra, þegar hún þótti vera komin fram yfir síðasta söludag. Við bætist, að forsetinn hefur upp á sitt eindæmi neitunarvald gagnvart Bandaríkjaþingi án þess að þurfa að skjóta ágreiningsmálum í dóm kjósenda eins og t.d. málskotsréttur forseta Íslands felur í sér bæði skv. gildandi stjórnarskrá frá 1944 og skv. nýju stjórnarskránni, sem kjósendur samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Þriðja veilan snýr að skipun hæstaréttardómara ævilangt. Það fyrirkomulag freistar forsetans til að skipa unga meðreiðarsveina í réttinn og hægir á endurnýjun þar, svo að réttinum hættir til að dragast aftur úr þjóðfélagsþróuninni og glata trausti almennings. Örari endurnýjun í Hæstarétti myndi fækka skaðlegum dómum og réttarhneykslum. Fjórða veilan varðar endurskoðunarákvæði. Aðeins 13 fylki af 50 með 4% kjósenda á landsvísu þarf til að koma í veg fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar. Engan þarf því að undra, að stjórnarskrá Bandaríkjanna skuli hafa staðið óbreytt frá 1787, ef frá eru taldir viðaukarnir. Sanford Levinson lýsir vandanum nánar í nýrri bók sinni, Framed. Meira næst.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Að alast upp með níðingum

SAMFÉLAG



**Þórarinn Ævarsson**
framkvæmdastjóri IKEA

Sif Sigmarsdóttir, rithöfundur og fastur penni Fréttablaðsins, upplýsti alþjóð um það í grein sem birtist í blaðinu þann sjötta mars sl. að faðir minn, Ævar Jóhannesson, væri níðingur svipaðrar tegundar og Nígeríusvindlarar eða þá þeir sem standa fyrir píramídasvindli. Þessa upphefð hlaut hann fyrir að hafa með blekkingum vélað lúpínuseyði ofan í tvær aldraðar, lífsreyndar en eldklárar frænkur Sifjar fyrir margt löngu. Þessi skuggalega starfsemi stóð yfir í áratugi, en talið er að yfir tíu þúsund Íslendingar hafi orðið þessum níðingi að bráð. Þar sem ég er þess umkominn, tel ég fulla ástæðu til að varpa ljósi á þessi myrkraverk.

Hafandi alist upp í föðurhúsum, og verið síðasti unginn til að yfirgefa hreiðrið, þá gafst mér einstakt tækifæri til að fylgjast með verkum þessa níðings frá því að hann hóf iðju sína og í mörg ár þar á eftir.

Níðingurinn faðir minn, sem hefur til fjölda ára haft mikinn áhuga á heilbrigðu líferni, byrjaði eins og níðingum er tamt á sakleysislegan hátt með því að benda fólki á ýmis hollræði, t.a.m. að hvetja barnshafandi konur til að reyna að forðast kvikasilfursfyllingar í tennur og hlaut þá bágt fyrir hjá tannlæknum. Hann barðist gegn flúorblöndun drykkjarvatns á höfuðborgarsvæðinu, benti á gagnsemi ómettaðra fitusýra, trefjaríkra matvæla og inntöku magnesíums, en það, rétt eins og tannfyllingarnar, er auðvitað fásinna.

**Seyði skyldi það vera**

Steininn tók síðan úr fyrir tæpum 40 árum þegar níðinginn dreymdi afar skýran draum sem var honum í ljósu minni daginn eftir. Í draumnum kom fram uppskrift og aðferð við að sjóða jurtaseyði og fylgdi með að þetta seyði ætti að geta gert eitthvert gagn. Verandi níðingur, þá var ekkert annað í stöðunni en að safna saman þeim jurtum sem fram komu í draumnum og prófa þetta.

Helsjúkur vinur níðingsins var nýttur sem tilraunadýr og þegar hann braggaðist, þá fengu fleiri vinir hans að prófa drykkinn. Mönnum þótti hann ekki verri en svo að þeir komu aftur og fengu ábót. Þetta spurðist síðan út og með árunum fjölgaði þeim stöðugt sem sáu ástæðu til að heimsækja níðinginn og fá hjá honum seyði.

Sem fyrr segir, þá var ég áhorfandi að þessu öllu saman og get ekki með nokkru móti sagt að þetta hafi verið unglingnum að skapi. Heimilið varð á endanum undirlagt af framleiðslu á lúpínuseyðinu. Það var soðið á öllum hellunum á eldavélinni, þannig að maður fékk stundum ekki að borða fyrr en eftir dúk og disk, nú eða komast í bað, þar sem baðkarið var fyllt með ísköldu vatni og notað til að halda seyðinu köldu á heitum sumardögum. Sumarfrí urðu aldrei lengri en langar helgar, því það þurfti að komast í bæinn til að framleiða meira.

Allt var þetta gert svo níðingurinn gæti fullnægt annarlegum hvötum sínum og afhent blásaklausum fórnarlömbunum, sem stóðu nú í röð við útidyrnar, ókeypis lúpínuseyði. Rafmagnsreikningur níðingsins, sem hann greiddi reyndar samviskusamlega úr eigin vasa, var á endanum svipaður og í lítilli blokk, en hver er að fást um það.

Staðreyndin er sú, Sif, að faðir minn fékk köllun. Hann hafði óbilandi trú á því sem hann var að gera og það hafði fjöldi manns í kringum hann líka. Hundruð manna lögðu fram vinnu sína kauplaust svo hægt væri að halda þessu úti. Ástæðan fyrir því að allt þetta fólk var tilbúið að leggja þetta á sig er margþætt.

**Betri lífsgæði en ella**

Einhverjir hlutu bata af veikindum sínum og þökkuðu það seyðinu. Einhverjir áttu ættingja eða ástvini sem þökkuðu þessu seyði bætt lífsgæði. Síðan er það einfaldlega hópurinn sem vissi hver Ævar Jóhannesson var og hafði trú á að þetta væri ekki snákaolía heldur eitthvað stórmerkilegt.

Ævar Jóhannesson var ekki einhver meðalmaður þegar þetta byrjaði allt saman, heldur einn virtasti og framsæknasti uppfinninga- og vísindamaður landsins. Hann starfaði til fjölda ára við vísindastörf hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og hannaði m.a. hina stórmerku Íssjá, og notaði til þess aðferðir sem þótti sannað að gætu ekki gengið upp. Þá uppgötvaði hann sem ungur maður aðferðina sem er notuð í heiminum í dag til að framkalla litfilmur. Skammsýni ráðandi afla varð þess valdandi að ekki varð hann ríkur af þessari uppgötvun frekar en öðru. Þessi tvö dæmi sem ég nefni sýna djúpan skilning og þekkingu Ævars á efna-, eðlis- og rafmagnsfræði, en á sama tíma sýna þau takmarkaðan áhuga hans á veraldlegum gæðum.

Í fjöldamörg ár var ég vitni að því að fólk með alls konar sjúkdóma bankaði upp á hjá foreldrum mínum. Þetta fólk á það sameiginlegt að það var tekið vel á móti því, hlustað á það og því sýnd virðing og hluttekning. Um þetta geta þúsundir velunnara föður míns borið vitni. Fólk var aldrei hvatt til að hætta krabbameinsmeðferð og því var aldrei lofað bata. Fólki var hins vegar bent á að svo virtist sem fólk þyldi krabbameinsmeðferðina betur þegar það drykki seyðið auk þess sem ýmsir aðrir kvillar virtust jafnvel minnka eða hverfa. Ekki veit ég til þess að nokkrum manni hafi orðið meint af þessu seyði.

Þetta fólk á það líka sameiginlegt að það þurfti aldrei að reiða fram svo mikið sem eina krónu fyrir seyðið, öll þessi ár, þó talsverður fjöldi manna hafi ekki tekið mótbárur föður míns gildar og skilið eftir lítilræði.

Seyðið hefur verið rannsakað bæði hér á landi og erlendis, og er ekki annað að sjá en að faðir minn hafi hitt naglann á höfuðið þarna eins og stundum áður.

*http://www.visindavefur.is/svar.php?id=3185*

**Ævistarfið lítilsvirt**

Ég hef því miður ekki erft neina af hæfileikum föður míns og er svipað vitlaus og þú, Sif. Ég er efasemdamaður og það er útilokað að ég færi að vinna ókeypis fyrir bláókunnugt fólk svo áratugum skipti. Menn eins og faðir minn eru hins vegar í útrýmingarhættu og eiga allt annað skilið á síðustu metrunum en að á þá sé ráðist og óeigingjarnt ævistarf þeirra lítilsvirt, til þess að þú getir sett þig í töffarastellingar.

Ég ætlaði ekki að svara þér og var að vonast til að ömurleg grein þín hefði farið fram hjá föður mínum, en svo er því miður ekki. Það að draga saman í einn dilk alla þá fjölmörgu aðila sem koma að óhefðbundnum lækningum og kalla þá níðinga lýsir í besta falli dómgreindarleysi, hroka og fáfræði. Þú ert ekki bara að hrauna yfir hann, heldur stóran hóp samstarfsaðila sem allir unnu að þessu af heilindum og í sjálfboðavinnu. Þú ert einnig að segja við þær þúsundir einstaklinga sem upplifðu bætt lífsgæði eftir að hafa drukkið seyðið að þeir séu trúgjarnir einfeldningar sem ekki eru dómbærir á eigin líðan.

Þegar saga læknavísindanna er skoðuð kemur í ljós að marga af skelfilegustu sjúkdómunum sem herjuðu á fólk hér á árum áður, t.a.m. skyrbjúg og beinkröm, mátti koma í veg fyrir með einföldum breytingum á mataræði. Þeir sem bentu á þetta á sínum tíma voru sannarlega að benda á óhefðbundnar lækningar á þeirra tíma mælikvarða og hlutu iðulega bágt fyrir, enda óhugsandi að það væri hægt að útrýma illvígum sjúkdómum með sítrónum eða hýðishrísgrjónum.

Að mínu mati ættir þú að íhuga vel hvort þú eigir yfir höfuð erindi til þjóðarinnar með frekari skrifum fyrir Fréttablaðið og mér kæmi ekki á óvart, að ef eldklárar frænkur þínar sem minnst er á í upphafi væru enn meðal vor, þá hefðu þær verið mér sammála.



BYLGJAN 989




**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

# TAXFREE SÓFAR

ALLIR SÓFAR Á TAXFREE TILBOÐI*




**PASO DOBLE** HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 386 x 156/258 H 80 cm.
Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
**FULLT VERÐ: 559.990**

*TAXFREE TILBOÐIÐ GILDIR BARA Á SÓFUM OG JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.




ÞÚ FINNUR SÓFA-BÆKLINGINN Á
husgagnahollin.is

KOMDU OG NÝTTU TÆKIFÆRIÐ!

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
REYKJAVÍK | AKUREYRI

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100



**Í KRAMHÚSINU** Hafdís fór í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni en komst fljótlega að því að íþróttakennslan átti ekki við hana. Þá fór hún utan til að læra dans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Passlega kærulaus og flæðandi

**Hafdís Árnadóttir** stofnaði Kramhúsið fyrir þrjátíu árum. Þrátt fyrir að eiga þrjú ár í áttrætt segist hún aldrei fá leiða á kennslunni og ætlar sér að starfa eins lengi og hún getur enda segir hún aldur afstæðan. Hún segir alla geta dansað.



**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is

Allt iðar af í húsi í litlum bakgarði á Skólavörðustíg. Þar hefur Kramhúsið verið rekið undanfarin þrjátíu ár og slagorðið verið „orkustöð í miðbænum“.

Hafdís Árnadóttir er stofnandi og eigandi Kramhússins þar sem dansinn hefur dunað í þrjá áratugi og fjölbreytt lista- og menningarlíf hefur fengið að blómstra. Hún verður 77 ára í haust en er hvergi nærri hætt að kenna enda er það hreyfingin sem heldur henni gangandi. Hafdís fékk á dögunum heiðursviðurkenningu á Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins fyrir að hafa með ævistarfi sínu stuðlað að betra samfélagi.

Það er líf og fjör í Kramhúsinu þegar blaðamann ber að garði. Tvær konur á miðjum aldri eru að spjalla saman eftir tíma. Þegar spurt er um Hafdísi eru hæg heimatökin, starfskona fer út á tröppur Kramhússins og kallar upp í átt að íbúð á annarri hæð, á ská á móti Kramhúsinu. „Ég kem,“ kallar Hafdís niður af annarri hæðinni og er komin niður innan skamms. Leið okkar liggur upp í íbúð hennar sem er rúmgóð og björt með útsýni yfir port Kramhússins öðrum megin og Bergstaðastræti og Skólavörðustíg hinum megin.

Íbúðin ber svo sannarlega merki fjölmenningar. Munir frá fjarlægum löndum á víð og dreif í bland við gömul íslensk tekkhúsgögn. „Þetta er voða frjálst hérna hjá okkur. Hér fæðast hugmyndirnar, við köllum þetta hugmyndaborðið,“ segir Hafdís og bendir á stórt borð inni í eldhúsi. Hér hafa starfsmenn aðstöðu til að fara yfir málin og íbúðin nýtist í ýmislegt annað. Um daginn var til dæmis kenndur þar danstími vegna þess að báðir salir Kramhússins voru bókaðir. Þessa dagana er líka verið að undirbúa afmælissýningu hússins sem fer fram 12. apríl í Gamla bíó og um 100 nemendur taka þátt í. „Það þarf að huga að mörgu en það skiptir ekki endilega máli að danssporin séu öll á hreinu, bara að það sé gaman og fólk skemmti sér vel.“

### Þóttu íþróttir leiðinlegar

Hafdís er fædd árið 1938 og ólst upp á Hjalteyri í Eyjafirði. „Þar sem allt snerist um síldina,“ segir hún hlæjandi. Hafdís fór svo í íþróttakennaranám á Laugarvatni en fann fljótt að íþróttakennslan átti ekki vel við hana. „Ég komst að því að mér þóttu íþróttir leiðinlegar en hafði rosalega gaman af því að dansa.“

Eftir íþróttakennaranámið kenndi hún þó íþróttir í nokkur ár, í Vestmannaeyjum og Reykjavík. „Íþróttakennslan átti ekkert við mig. Mér fannst þetta mjög íhaldssamt og eftir einhverjum formúlum sem höfðuðu ekki til mín. Þá fór ég til Danmerkur að kynna mér dans, kóreógrafíu og nútímadans,“ segir hún. Þar stundaði hún nám við skóla Lis Burmeister sem kenndi það sem kallaðist rytmegymnastik eða dans innan íþróttageirans.

### Ónýtt húsnæði

Þar var hún í ár en eftir að hún kom heim stofnaði hún Leikfimiskóla Hafdísar Árnadóttur en þá var það sem stundum var kallað frúarleikfimi að ryðja sér til rúms hér á landi og nokkrir skólar voru stofnaðir á svipuðum tíma. Árið 1972 þegar samtök áhugafólks um leiklistarnám stofnuðu Leiklistarskóla SÁL var Hafdís fengin til að leiða líkamsbeitingarkennslu og líkamsþjálfun. Þegar Leiklistarskóli Íslands var stofnaður nokkrum árum síðar varð hún kennari þar og kenndi þar allt þar til fyrir nokkrum árum. Auk þess ól hún syni sína tvo upp, þá Ingólf og Árna Ólaf Ásgeirssyni.

„Ég var rosalega dugleg að fara á alls konar námskeið úti. Þar kynntist ég kennurum alls staðar að, kynntist afró, spuna og öllu því sem leiddi svo seinna inn í Kramhúsið.“

Kramhúsið var stofnað árið 1984 en þá var Hafdís orðin þreytt á því að vera ekki með fast húsnæði undir kennsluna en hún hafði flakkað úr einu húsnæði í annað með dansleikfimitíma sína. „Ég var á hlaupum út um allt. Við vorum alltaf í einhverjum húsnæðisvandræðum og oft var ég með tíma í húsnæði sem hentaði engan veginn undir kennsluna. Ég rakst á auglýsingu þar sem var verið að auglýsa húsið. Þetta var gamalt smíðaverkstæði. Rosalega niðurnítt og eiginlega bara ónýtt.“

### Mikil vinna

Mikla vinnu þurfti til þess að koma húsnæðinu í stand en það var eitthvað sem heillaði. Hafdís og samstarfsmaður hennar og þáverandi sambýlismaður, Gylfi Gígja, tóku það í gegn. „Staðurinn var svo freistandi. Húsið var allt öðruvísi en maður var vanur og í passlegri stærð. Við sáum einhver tækifæri í þessu.“

Fljótlega kom í ljós að mikil þörf var á húsnæðinu og aðsóknin frá fyrsta degi mjög mikil. „Það var svo mikil aðsókn og það sem við vorum með var frekar nýtt og óþekkt. Það var svo mikið af fólki sem vildi gera eitthvað annað og nýtt.“

### Dansgróðurhús

Hafdís segist alltaf hafa verið heppin með það að hafa haft gott starfsfólk. Meðal fyrstu kennara í skólanum var nafna hennar, Hafdís Jónsdóttir, sem nú á World Class. „Dísa var fyrsti danskennarinn hér og var rosalega vinsæl. Svo var Anna Richards sem kenndi spuna,“ segir hún og nefnir fleiri um leið og hún flettir veglegri bók um sögu Kramhússins sem kom út fyrir stuttu. „Það er svo gott að geta séð þetta allt hérna, það er svo margt sem hefur gerst og maður man þetta ekki allt,“ segir hún hlæjandi.

Fljótlega bættist barnastarf við flóruna. Allt frá fyrstu stundu kom mikið af kennurum að utan og þeir kenndu nýja strauma og stefnur. Ekkert þótti of framandi.

Og reyndar hefur það alltaf verið sérkenni Kramhússins að þar fá hugmyndir að blómstra. „Það er mjög margt sem spírar hérna, við köllum þetta oft dansgróðurhús. Það er svo margt sem spírar hér, stækkar svo, verður of stórt fyrir þetta hús og fer annað og blómstrar. Til dæmis Kvennakór Reykjavíkur, Sirkus Íslands og ótal leikhópar sem hafa byrjað hérna,“ segir hún brosandi en um árabil var nánast eina leiklistarkennsla landsins, fyrir utan ▶

**„Ég komst að því að mér þóttu íþróttir leiðinlegar en hafði rosalega gaman af því að dansa.**

**„Það er mjög margt sem spírar hérna, við köllum þetta oft dansgróðurhús. Það er svo margt sem spírar hér, stækkar svo, verður of stórt fyrir þetta hús og fer annað og blómstrar.**

**„Ég fæ aldrei leiða á þessu. Ég man aldrei eftir að hafa kviðið því að fara í vinnuna, ég er svo heppin. Aldur er svo afstæður. Mér finnst ég alveg eins vera 55 ára eða yngri. Mér bregður stundum hvað ég er orðin gömul.**




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverða er frá 21. mars, til og með 12. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Í UPPHAFI** Fyrstu kennarar Kramhússins, þau Ásdís, Kolbrún, Halla Margrét, Hafdís Jóns, Hafdís Árna, Lella og Abdul samankomin á góðri stundu.



**FRUMKVÖÐULL** Hafdís á upphafsárum hússins. MYND/VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR



**FARIÐ YFIR MÁLIN** Hafdís, Guðný Helgadóttir og Bryndís Petra í afgreiðslu Kramhússins 1987. MYND/VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR



**Í FRAMKVÆMDUM** Húsið sem hýsir Kramhúsið var mjög illa farið. Hér sést Hafdís á framkvæmdatímanum.



**GUFA** Hópur að loknu gufubaði. Gufubaðið í Kramhúsinu hefur alltaf verið vinsælt að æfingum loknum.



**AF SÝNINGU** Kramhúsið heldur alltaf stórar sýningar árlega þar sem nemendur koma fram.


# Aðalfundur
## Félags íslenskra félagsliða

Mánudaginn 13. apríl 2015 verður aðalfundur Félags íslenskra félagsliða haldinn í húsi BSRB, Grettisgötu 89, 1. hæð. Fundurinn byrjar kl.17:00 og hvetjum við alla félagsliða til að mæta á fundinn.

**Aðalfundur 2015 – fundarefni:**
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla formanns
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga
4. Lagabreytingar – tillögur liggja fyrir fundinum
5. Kosning formanns
6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

**Mætum tímanlega**

- Léttar veitingar í boði að fundi loknum
- Fagnælan verður til sölu á staðnum á 2000 kr.
- Penni merktur félaginu á 500 kr.
- Minnislykil 5.000. kr. og lyklabönd 1.500 kr. – Munið reiðufé.

**Félagsmenn, fjölmennum á fundinn.**

*Stjórn Félags íslenskra félagliða*

**Fyrirhugað er að senda fundinn út í fjarfundi en nánari upplýsingar um staði verður á www.felagslidar.is**


▶ Leiklistarskólann, í Kramhúsinu. Þar hafa því margir af okkar þekktustu leikurum stigið sín fyrstu skref í leiklist. „Alls konar fólk kemur inn með hugmyndir og maður þarf bara að vera opinn fyrir því. Stundum virkar það ekki og þá bara virkar það ekki en yfirleitt hefur það virkað.“

### Það geta allir dansað

Hafdís og samstarfsmenn hennar hafa líka stuðlað að fjölmenningu með því að fá ólíka strauma og stefnur inn til landsins. Afró, magadans og argentínskur tangó eru allt dæmi um dansstefnur sem byrjuðu í Kramhúsinu. „Þetta er auðvitað mikið fjölmenningarsamfélag og við höfum örugglega stuðlað að því að víkka sjóndeildarhringinn hjá fólki,“ segir hún.

Hafdís segir að eitt af því skemmtilegasta við starfið sé að sjá fólk sem hafi haldið að það gæti ekki dansað verða dansara. Og hún fullyrðir að allir geti dansað. „Já, það geta allir dansað. Dans og tónlist er í okkur öllum. Sumir halda að þeir séu falskir og geti ekki sungið. Það er alveg eins með það og dans. Það geta allir lært að syngja og það geta allir lært að dansa.“

Kramhúsið á marga fastakúnna sem hafa sumir hverjir verið þar frá opnun hússins, einhverjir hafa meira að segja fylgt Hafdísi frá því áður en hún opnaði húsið. „Það eru þrjár kynslóðir sem sækja húsið. Sumir hafa verið frá byrjun og svo allt niður í börnin sem eru í barnastarfinu.“

### Stundum tvísýnt

Þrátt fyrir að reksturinn hafi yfirleitt gengið vel þá hefur það samt stundum verið tvísýnt. „Við höfum bæði barist í bökkum og bönkum. Þegar við vorum nýbúin að opna þá varð 100% gengisfelling og það hrundi allt. Þá var maður með lán og bara allt í kaldakoli. Einhvern veginn náðum við að klóra okkur í gegnum það. Það var bara hægt af því ég er alltaf að vinna með svo góðu fólki. Ég er svo heppin að hafa alltaf haft svo rosalega gott samstarfsfólk sem hefur drifið þetta áfram,“ segir hún.

Það var líka tvísýnt eftir hrun hvort reksturinn gæti staðið undir sér. „Það var eitt ár sem var alveg rosalega erfitt. Aðsóknin minnkaði mikið, fólk þurfti að spara við sig og við vissum ekki hvort þetta myndi ríða okkur að fullu. Sá tími var rosalega erfiður og oft áður líka. Til dæmis þegar eróbikkið kom til landsins, þá datt niður allur dans og það fóru allir á pallana. En það kom aftur, þetta kemur svo mikið í bylgjum,“ segir hún. „Það eru líka ákveðnir punktar sem haldast alltaf eins og barnastarfið, leikfimi og jóga, það helst alltaf sterkt. Og svo auðvitað þessir föstu punktar, afró, tangó og götudansinn.“

Núna gengur vel og í raun þyrfti húsnæðið að vera stærra. „Núna er þetta frekar upp á við en hitt. Stundum er ekki nóg pláss, stundum hefur það verið of stórt og stundum of lítið. Eins og núna. Það hefur verið svo mikil aðsókn að húsinu í vetur að það hefði ekki veitt öðrum sal. Þetta hefur aldrei verið hugsað sem stórt batterí eða útibú annars staðar. Við þjónum mikið miðsvæðinu þó að eldri kúnnar komi margir hverjir langt að því þeir vilja vera í þessu húsi.“

**➜ Kramhúsið** var stofnað 1984 og hafa margir líkt því við gróðurhús þar sem hugmyndir fá að spíra, vaxa og dafna. Meðal þeirra sem hafa tekið fyrstu skrefin í húsinu eru Kvennakór Reykjavíkur, Sirkus Íslands, Soðið svið, Leikhússport og Tangófélag Íslands. Starfsemin hefur ávallt verið í sama húsnæðinu.

### Fær aldrei leið

Hafdís verður sem áður segir 77 ára í haust. Hún segist þó hvergi nærri vera hætt og ætlar sér að kenna eins lengi og hún getur. Núna kennir hún um 6–7 tíma viku. „Það er passlegt fyrir mig. Áður fyrr var maður stundum í fullri vinnu og að kenna 20 tíma,“ segir hún. „Ég fæ aldrei leiða á þessu. Ég man aldrei eftir að hafa kviðið því að fara í vinnuna, ég er svo heppin. Aldur er svo afstæður. Mér finnst ég alveg eins vera 55 ára eða yngri. Mér bregður stundum hvað ég er orðin gömul,“ segir hún hlæjandi enda ekki á henni að sjá að aldurinn hamli henni á nokkurn hátt. „Ég er heppin. Ég er hraust og passlega kærulaus. Ég hef ekki miklar áhyggjur af hversdagslegum hlutum. Ég held að það sé gott að flæða bara svona áfram með. Það er ekki margt sem er að bögga mig.“


BYLGJAN 989
AUKATÓNLEIKAR
Ásgeir
ELDBORG Í HÖRPU 16. JÚNÍ KL. 23:00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
ASGEIRMUSIC.COM

# Enn að smíða, gera og græja

Akureyringurinn **Jóhann Ingimarsson** hannaði, smíðaði og seldi húsgögn í áratugi og er hugsanlega sá eini í heiminum sem smíðaði stóla Hans Wegner utan Danmerkur. Jóhann býr á öldrunarheimilinu Hlíð og fékk þar opnaða smíðastofu.



**ÞÚSUNDÞJALASMIÐUR** „Þetta hlýtur að lagast með vorinu og aldrinum," segir Jóhann um lungnabólguna sem hrjáir hann þessa dagana. Hér er hann með eigið málverk á bak við sig. MYND/AUÐUNN NÍELSSON



**EIGULEGT** Eins og hvalreki fyrir ungar stúlkur sem vantar hirslu undir snyrtidót og föt og líka afbragðs skrifborð.



**KOLLUR OG PARTÍBORÐ** Þennan koll sendi Jóhann út til Bandaríkjanna sem sýnishorn af framleiðslu sinni og fékk pöntun upp á 120.000 stykki, sem hann gat ekki sinnt. Húsgagnið er líka ekta partíborð því hægt er að snúa plötunni við og þar er hún slétt. MYND/HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS



**HÆGINDASTÓLL** Þeir teljast heppnir sem eiga svona stól í dag.



**KLASSÍK** Ekta borðstofustóll. MYND/HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS



**VINSÆL FERMINGARGJÖF** Svefnsófi sem prýddi mörg heimili á tímabili. MYNDIR/AUÐUNN NÍELSSON FRÁ IÐNAÐARSAFNINU Á AKUREYRI

## Nýlegir skúlptúrar úr smiðju Jóhanns







MYNDIR/AUÐUNN NÍELSSON

Hillur smíðastofunnar á öldrunarheimilinu Hlíð geyma marga frumlega hluti sem Jóhann hefur dundað sér við að setja saman á síðustu árum. Hér má sjá sýnishorn af þeim. Útilistaverk eftir hann eru líka víða á Akureyri.


**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is




Þessa dagana er ég svolítið slappur af lungnabólgu. Fer samt niður í smíðastofu en get ekkert unnið af viti. Þetta hlýtur að lagast með vorinu og aldrinum," segir hinn 89 ára Jóhann Ingimarsson glettnislega. Hann er einn helsti frumkvöðull íslensks húsgagnaiðnaðar, rak smíðafyrirtækið Valbjörk í áratugi og síðan verslunina Örkina. Eftir hann liggja líka mörg útilistaverk og málverk.

Jóhann hefur búið á öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri í tvö og hálft ár. „Ég kom fyrst í dagvistun og þá datt mér í hug að opna hér smíðastofu. Það var látið eftir mér og ég held hún hafi komið mörgum vel, ekki síst heimilinu í heild. Það er leitað til okkar með viðgerðir og hitt og annað smotterí," segir hann kankvís.

### Smíðaði stóla Wegners

Jóhann er fæddur á Þórshöfn á Langanesi. „Við vorum ellefu systkinin, börn Oddnýjar Árnadóttur og Ingimars Baldvinssonar á Ingimarsstöðum," segir hann. Kveðst hafa farið í gagnfræðaskólann á Akureyri og iðnnám líka áður en hann hélt til Kaupmannahafnar að læra húsgagnahönnun og innanhússarkitektúr árið 1949. „Þegar ég kom heim þremur árum síðar fékk ég ekkert að gera og var að hugsa um að fara út aftur því þar bauðst mér verkstjórastarf í húsgagnaverksmiðju. En sá þá auglýstar smíðavélar á Blönduósi hjá Ísberg sýslumanni, fór að skoða þær en leist ekki meira en svo á, sagði Ísberg þó að ég vildi kaupa þær en ætti enga peninga. Hann sagði að það væri í lagi, honum litist þannig á mig. Þannig startaði ég Valbjörk," rifjar Jóhann upp. „Fyrstu húsgögnin sem ég framleiddi voru borðstofuhúsgögn fyrir Iðnsýninguna 1952 í Reykjavík. Þau slógu í gegn og það bárust svo margar pantanir að ég tók tvo eigendur inn í fyrirtækið og þrjá lærlinga, þannig að reksturinn vatt fljótt upp á sig."

Jóhann kveðst hafa teiknað öll húsgögn sjálfur sem framleidd voru í Valbjörk nema þau sem hann smíðaði fyrir Amtsbókasafnið á Akureyri fyrir Gunnlaug Halldórsson arkitekt. Það voru stólar hannaðir af hinum þekkta, danska hönnuði Hans J. Wegner. „Gunnlaugur fékk leyfi hjá Wegner, þeir voru skólafélagar en Carl Hansen & Søn hafa framleitt allt eftir Wegner annars," upplýsir hann.

### Húsgögnin aftur í tísku

Á skömmum tíma gerði Jóhann Valbjörk að stórfyrirtæki við Glerárgötuna, var líka með útibú á Ísafirði, Siglufirði, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum og seldi húsgögn í margar verslanir í Reykjavík. „Starfsmenn voru um 70 þegar mest var en oftast milli 50 og 60. Stærsta verkefnið á ferlinum var húsgögn og innréttingar í Loftleiðahótelið við Reykjavíkurflugvöll. Svo smíðuðum við inn í fyrirtæki eins og Póst og síma, bankana og sjúkrahúsin, líka bari, stóla og borð inn í skemmtistaðina Röðul og Þórskaffi."

> **Fyrstu húsgögnin sem ég framleiddi voru borðstofuhúsgögn fyrir Iðnsýninguna 1952 í Reykjavík. Þau slógu í gegn.**

Jóhann segir innréttingarnar úr Valbjörk eflaust flestar farnar á haugana en mörg húsgögn séu enn í einkaeign og fólk vilji ekki missa þau. „Skenkir og stólar eru orðnir dýrir ef þeir skipta um hendur því það merkilega er að þessi húsgögn eru aftur komin í tísku."

Þar kom að Jóhann vildi hefja útflutning. „Ísland var orðið of lítið fyrir okkur. Við þurftum að hafa svo fjölbreytta framleiðslu sem var mjög dýrt," segir hann. „Ég var kominn með sambönd í Bandaríkjunum og búinn að senda sýnishorn út, til dæmis af kolli sem ég teiknaði og fékk pöntun á upp á 120.000 stykki. En ég fékk hvorki fyrirgreiðslu hjá bönkum né stjórnmálamönnum svo ég gafst upp og seldi Valbjörk árið 1970. Ég fékk greitt í húsgögnum svo ég stofnaði verslunina Örkina og flutti inn húsgögn frá Ítalíu og Þýskalandi. Ég þurfti aldrei að taka stór lán, Örkin gekk vel í höndum okkar hjóna og dóttir okkar rekur hana núna."




© Inter IKEA Systems B.V. 2015

# Páskastuð

## iPad

**Páskatilboð**

64GB og 128GB




**FREYJU PÁSKAEGG NR 6**

Fylgir með iPad páskatilboðum*

**Ný vara**

**2015 árgerð**

Með fjölþrýstifleti



## MacBook Pro Retina13”

128GB Vöru nr: Z0QM

**Verð: 269.990.-**

**PÚKI** RITVILLUVÖRN FYRIR MAC

fylgir frítt með MacBook Pro Retina

Listaverð: 7.890.-

Útivistarmyndavél




### GoPro HERO 4

GoPro HERO4

Frábærar útivistar myndavélar, hægt að taka uppá 4K.

Með snertiskjá.

Verð frá 74.990.-



### PUNK - þráðlaus hátalari

Sol Republic. (Bluetooth)

Tengist með Bluetooth.

Flottur hljómur í litlum hátalara.

Verð 11.990.-



### Kreafunk - þráðlaus hátalari

Þráðlaus (Bluetooth) hátalari frá Kreafunk í Danmörku.

Nettur, fallegur og hljómar vel.

Kemur í fallegri viðaröskju.

Verð frá 10.990.-



**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mánuði í **12** mánuði fylgir iPhone 6 og 6 Plus! **Frá NOVA**

## iPhone 6

**Verð frá: 119.990.-**

| Páskaopnun Epli | Smáralind | Laugavegur |
|---|---|---|
| Skírdagur | 13-18 | Lokað |
| Föstudagurinn langi | Lokað | Lokað |
| Laugardagurinn 4. apríl | 11-18 | 12-16 |
| Páskadagur | Lokað | Lokað |
| Annar í páskum | Lokað | Lokað |

# hjá Epli

## Páskatilboð




**FREYJU PÁSKAEGG NR 6**
Fylgir með páskatilboðum*

MacBook Air 11”
128GB Vöru nr: Z0NX

**Páskatilboð***
**159.990.-**
Fullt verð: 179.990.-



**beatspill** Þráðlaus hátalari

**Beats Pill hátalarinn** er nógu léttur til að hægt sé að lauma honum með hvert sem er. Gríptu hann með þér og hafðu gott hljóð hvar sem er.
Verð frá 29.990.-



**beatssolo**

**Solo2** heyrnartólin eru kraftmikil, tær og færa þig nær þeim gæðum sem tónlistarmaðurinn vill að þú upplifir.
Verð 29.990.-



**Þráðlaus heyrnartól**

**HESH heyrnartólin frá Skullcandy** eru með öflugan bassa og mjög góðan hljóm á þessu frábæra verði.
Verð 13.890.-



**Teikniborð**

**Vandaður Wacom Intuos trackpad og teikniflötur,** með penna.
Uppgötvaðu nýjar leiðir til að teikna með Intuos teikniborðinu.
Verð 16.790.-



Lækkað verð

**Apple TV**

**Apple TV** gerir þér m.a. kleift að streyma efni þráðlaust úr tölvu, iPad, iPhone og iPod touch beint í sjónvarpið. Meðal annars tónlist, kvikmyndum og ljósmyndum úr safninu þínu, eða úr öppum eins og OZ.
Verð **14.990.-**
Verð áður **18.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Páskatilboð gilda til 5. apríl 2015, eða meðan birgðir endast.

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI



**MEÐ SPÁDÓMSPRIKIN** Sigga Klingenberg leyfir Unnsteini að draga prik og les fyrir hann spádóminn. Þau taka annars bæði lífinu létt þrátt fyrir að margt mætti betur fara, svo sem velferðarkerfið, skatturinn og meðvirk orðræða í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spáð í prik og meðvirkni þjóðar

**Unnsteinn Manúel Stefánsson** og **Sigríður Klingenberg** ræða stjörnuspeki, meðvirkni, villt dýr og ljóta umræðu í athugasemdakerfum. Þau hafa hvorugt nokkurn áhuga á þátttöku í pólitík þrátt fyrir sterkar skoðanir á mönnum og málefnum.

**Á RÖKSTÓLUM**
Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Unnsteinn er svo töff týpa að ég hélt að hann héti Retro og kallaði hann það," segir Sigga Klingenberg þegar hún hittir Unnstein á rökstólum. Þau hafa sem sagt hist áður.

**Unnsteinn:** Við dæmdum einu sinni söngkeppni saman. Svo var eitthvert djamm á Sushi Samba.

**Sigga:** Við vorum góð þar. Vorum með karnival-hátíð. Við erum alveg þannig týpur. Það þarf meira af suðrænu blóði hérna á Íslandi. Það þarf að fá heitt fólk hingað til lands. Svo þurfum við að flytja inn fleiri villt dýr. Mörgæsir, ísbirni, storka og svona.

*Finnst þér Ísland og Íslendingar svona einsleitir?*

**Sigga:** Tja, Íslendingar eru allavega fljótir að móta sig að því sem er skemmtilegt og fljótir að skipta um skoðun, þannig að það er lítið mál að bæta flóruna.

**Unnsteinn:** Já, það er fyndið með Íslendinga. Við sem þjóð getum skipt um skoðun á einu bretti. Eins og með hundinn Lúkas, allir hötuðu einn gæja og svo vorkenndu honum allir. Miklar sveiflur í gangi.

**Sigga:** Við erum alveg opin og skemmtileg þjóð. Ég vil bara fá fleiri inn. Við erum of ströng að hleypa fólki inn í landið. Eins og einhver frændi þinn frá Angóla, Unnsteinn, ætti bara að geta flutt hingað.

## Dramatískur krabbi

*Sigga Kling er þekkt fyrir stjörnuspár sínar. Í síðustu viku var ein aðalfréttin á Vísi að stjörnumerkin væru alls ekki í þeirri röð og við höfum alltaf haldið. Fólk var í uppnámi því allt í einu var það í nýju merki. Hvað finnst ykkur um þetta?*

**Sigga:** Ég er örugglega búin að fá hundrað pósta út af þessari frétt. En sko, ef stjörnurnar eru breyttar núna þýðir það bara að þeir sem fæðast núna eru í nýja kerfinu. Svo gæti þetta líka bara verið tómt bull. Í hvaða stjörnumerki ert þú Unnsteinn?

**Unnsteinn:** Ég er krabbi.

**Sigga:** Alveg týpískur krabbi. Pollrólegur, tilfinningaríkur og pínu dramatískur. Allt sem þarf til að skapa góðan listamann. Þú ert allavega ekki frosinn.

**Unnsteinn:** Ég spái svo sem lítið í stjörnuspár.

**Sigga:** Enda er þetta bara dægradvöl og fólk á aldrei að trúa 100% á neitt, nema náttúrulega á sjálft sig. Það hringdi í mig kona um daginn sem sagði mér að hún hefði skilið við manninn sinn eftir að hafa lesið í stjörnuspá frá mér að hún ætti að ganga frá ástamálunum. Ég var alveg miður mín, fólk verður að passa sig!

*Þannig að þú berð ábyrgð á hjónaskilnaði?*

**Sigga:** Orð eru álög en þú verður að trúa þeim til að það séu álög þín.

**Unnsteinn:** Kærastan mín hitti þig nú einu sinni og þú spáðir fyrir henni. Þú sagðir henni að hlusta á drauma sína og vera ekki að hanga í einhverju námi sem hún hafði engan áhuga á. Hún var í lögfræði á þessum tíma, hætti og er núna skartgripahönnuður. Og mjög sátt við þá ákvörðun. Auðvitað var þetta í undirmeðvitund hennar en kannski ýttu orð þín við henni.

**Sigga:** Já, fólk skilur stjörnuspána eins og það vill. Jákvætt eða neikvætt. Kannski þarf fólk bara smá uppörvun.

## Burt með virka í athugasemdum

*Vantar kannski hlýrri og meira uppörvandi samskipti á Íslandi? Hvernig finnst ykkur til dæmis orðræðan á Íslandi?*

**Unnsteinn:** Orðræðan er alltof meðvirk. Stjórnmálaumræðan í öðrum löndum er miklu harðari. Hér kemst fólk upp með allt því allir eru frændur eða frænkur eða börnin saman í leikskóla. Þannig að í stað þess að fólk komi með rökfasta gagnrýni felur fólk sig bak við dónaskap í athugasemdakerfum fjölmiðlanna. Þá er skrifað eitthvað hræðilega særandi en fólk sem ætti að vera að tjá sig segir ekkert. Til dæmis í pólitíkinni þar sem enginn þorir að dæma einhvern í sínum eigin flokki. Við erum hrikalega meðvirk þjóð.

**Sigga:** Mér finnst bara að við ættum að sleppa þessum athugasemdakerfum. Fólk felur sig á bak við fölsk nöfn og myndir. Margir þora ekki að tjá sig við fjölmiðla af ótta við athugasemdirnar. Mér finnst þetta algjör smáborgaraháttur.

**Unnsteinn:** Fólk tekur líka meira mark á nokkrum neikvæðum athugasemdum en einu jákvæðu hrósi.

**Sigga:** Já, heilinn er nefnilega neikvæður þar sem neikvæðnin er sterkari.

## Á þing með Unnstein!

*Hafið þið orðið fyrir neteinelti?*

**Unnsteinn:** Nei, ekki þannig en hafandi alist upp við netið þá er maður líka orðinn vanur ýmsu.

**Sigga:** Einu sinni gerði ég allt klikkað á Blandi því það var verið að skíta út vin minn og ég sagði að þetta væri bara eitthvað flíspeysu- og crockskólið. Þá átti ég vikuna á vefnum. En ég bið börnin mín um að sleppa því að segja mér ef þau sjá eitthvað svona um mig á netinu. Þótt einhver hafi einhverja skoðun á mér þá þarf ég ekkert að vita það.

**Unnsteinn:** Það er eina vitið. Það er líka búin til einhver spenna og leiðindi á milli hópa með svona kerfum. Til dæmis þessi gjá á milli borgar og landsbyggðarinnar sem er eingöngu búin til, til þess að safna atkvæðum. Svona stríð er búið til svo fólk sjái ekki alvöru vandamálin. Það er til dæmis rifist um hjólastíg í Borgartúni á meðan ekki er rætt um fólk sem hefur ekki efni á tannlækni.

**Sigga:** Ég vil bara sjá þig á þingi, Unnsteinn.

**Unnsteinn:** Mín eina reynsla er að hafa verið í nemendaráði Austurbæjarskóla. Ég er eiginlega kominn með nóg af stjórnmálamenningunni á Íslandi. Það fer svo mikið fyrir freku köllunum en þannig er ekki samfélagið. Sterkasta fólkið er ekki frekir kallar. Sterka fólkið er til dæmis kennararnir sem leiða fullt af ungu fólki út í lífið en það er engin virðing borin fyrir því. Bara köllum sem keyra á Land Cruiser – sem voru örugglega allir saman í bekk og sitja saman í gufubaði á föstudögum.

**Sigga:** Ég hef engan áhuga á að taka þátt í pólitík en hef alveg sterkar skoðanir.

**Unnsteinn:** Það held ég að sé algengt.

*Það rímar kannski við sögulega lélega kosningaþátttöku unga fólksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum?*

**Sigga:** Já, ég þurfti að múta mínum strákum með pitsu til að kjósa.

**Unnsteinn:** Það er ekkert skrítið enda er verið að tala mál sem enginn skilur í pólitík. Fólk á þingi skilur það varla sjálft. Nú er til dæmis að koma aftur góðæri og blekkingin sem er í gangi er að allir geti orðið ríki kallinn í hverfinu. En það mun aldrei gerast. Þetta er bara gamall peningur sem helst áfram í fjölskyldunni. En á meðan allir reyna að verða ríkir rífa þeir ekki kjaft, heldur þegja og halda áfram til að vera með í keppninni. Samfélagið verður að halda ríka fólkinu ánægðu.

**Sigga:** Þess vegna vil ég jafnan skatt. Við viljum halda ríka fólkinu á landinu en ekki að það fari í skattaskjól.

## Spáð í spádómsprik

*Jæja, ef við forðum okkur úr neikvæðninni og tölum til dæmis um sólina sem skín eftir harðan vetur. Er það ekki ánægjulegt?*

**Sigga:** Ég var smá að missa það þennan vetur. Ég sem tala alltaf vel um veðrið. Páll Bergþórsson fór svo illa með mig þegar hann sagði að það væri að koma þrjátíu ára kuldakast. Páll Bergþórsson er gegnheill maður og allt sem drýpur af vörum hans er gull en þetta er bara frosið gull. Ég skora á Pál að draga þetta til baka.

**Unnsteinn:** Við verðum bara að búa til nýlendu fyrir Ísland.

**Sigga:** Þetta er besta hugmynd sem ég hef heyrt. Þú verður að fara á þing. Ég kýs þig út af þessu. Nú verður þú að draga galdraprik.

Unnsteinn dregur prik og Sigga Kling les upp spádóminn.

*„Þig heimur vekur*
*og undir hendur á þér tekur.*
*Það er að koma heilög stund,*
*það sem þú óskar, kemur á þinn fund.*
*Birtan öllu breyta mun þó þú hafir engan grun."*

Unnsteinn fer með þessi orð með sér í stúdíóið þar sem hann vinnur að gerð nýrrar plötu. Sigga ætlar aftur á móti í frí með fjölskyldunni til Valencia á Spáni yfir páskana, og fer heim að pakka fyrir ströndina.

> **Svona stríð er búið til svo fólk sjái ekki alvöru vandamálin. Það er til dæmis rifist um hjólastíg í Borgartúni á meðan ekki er rætt um fólk sem hefur ekki efni á tannlækni.**
> *Unnsteinn*

> **Það hringdi í mig kona um daginn sem sagði mér að hún hefði skilið við manninn sinn eftir að hafa lesið í stjörnuspá frá mér að hún ætti að ganga frá ástamálunum. Ég var alveg miður mín.**
> *Sigga Kling*



**REBEL**
**Ástralska gamanleikkonan Rebel Wilson, sem er best þekkt fyrir hlutverk sín í myndunum Bridesmaids Pitch perfect, prýðir forsíðu tímaritsins Elle í apríl.**




hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is




**ÁHUGAMÁLIÐ VATT UPP Á SIG** Sverrir Haraldsson trésmiður smíðaði sér sólgleraugu úr krosslímdum viði fyrir þremur árum. Umgjarðirnar vöktu athygli og nú er hann kominn með gleraugnalínu sem hann kallar Har Eyewear. MYND/VALLI

# UMGJARÐIR ÚR KROSSLÍMDUM VIÐI

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Sverrir Haraldsson trésmiður gerði sér sólgleraugu úr krosslímdum viði fyrir þremur árum. Smíðin vakti athygli og er nú orðin að línu umgjarða sem Sverrir kallar Har Eyewear.*

Þetta byrjaði sem áhugamál, bara til að smíða gleraugu fyrir mig sjálfan. Það vatt upp á sig, fólki fannst þetta flott svo ég fór að hanna meira og úr fleiri viðartegundum," segir Sverrir Haraldsson trésmiður en hann kynnti fjórðu umgjarðirnar, Lóuna, í línu gleraugnaumgjarða úr krosslímdum viði á liðnum HönnunarMars. Línuna kallar hann HAR Eyewear og sér um alla hönnun og smíði sjálfur á litlu verkstæði í Hafnarfirði.

„Krosslímdur viður er miklu sterkari en annar. Ég lími saman spón í mót, um 0,5 mm á þykkt og hef yfirleitt hlyn sem millilag en hann er mjög sterkur. Þannig get ég haft umgjarðirnar þunnar og léttar en gleraugun eru ekki nema um 17 grömm að þyngd. Vinnslan er ekki ósvipuð og við smíði á hjólabrett- ▶



**HAR EYEWEAR** Línan hefur vakið athygli. Á liðnum HönnunarMars kynnti Sverrir viðbót við línuna og er von á fleiri nýjungum í sumar. Har Eyewear er á Facebook en heimasíða er í smíðum.


SÓFADAGAR
NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION
**Svefnsófi Cube 140 Deluxe**
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-
Nú aðeins kr. 129.935
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd

**Þægilegur svefnsófi m/tungu**
Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður
Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm
Kynningarverð aðeins kr.
299.900



**10-35%**
**afsláttur af nokkrum eldri gerðum**

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
www.korter.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429










# Í VÍÐU Á MEÐGÖNGU

**FLOTT LEIKKONA** *Leikkonan Keira Knightley vekur athygli hvar sem hún kemur fyrir sérstakan og skemmtilegan stíl. Keira, sem fagnaði þrítugsafmæli sínu fyrir viku er ólétt að fyrsta barni sínu og eiginmanns síns, tónlistarmannsins James Righton, og hefur sjaldan litið eins vel út.*



GIAMBATTISTA VALLI

CHANEL

HOLLY FULTON

DOLCE & GABBANA

**ÓLÉTT Á ÓSKARNUM** Keira vakti athygli á síðustu Óskarsverðlaunahátíð þar sem hún klæddist einföldum en jafnframt glæsilegum kjól frá Valentino. Hann stakk í stúf við djörfu dressin sem margar leikkvennanna klæddust, en Keira þótti líta vel út í rómantískum síðkjólnum og náttúruleg fegurð hennar fékk að njóta sín. NORDIC PHOTO/AFP

**ÞÆGILEGT** Keira sagðist aðeins klæðast víðum og þægilegum kjólum á meðan hún væri ólétt þegar hún mætti í þessum fallega, fjólubláa kjól frá Erdem á SAG-verðlaunahátíðina í janúar. Af þessum myndum að dæma hefur hún staðið við það.

---

um en ég hef verið á hjólabretti í tuttugu ár. Þau eru smíðuð úr krosslímdum viði og einmitt úr hlyn líka," segir Sverrir. „Bræður mínir er farnir að hjálpa mér við smíðina, eldri bróðir minn er líka lærður smiður og sá yngri tekur allar ljósmyndirnar fyrir mig. Það er ekkert hægt að flýta sér við þetta, þetta er nákvæmnisvinna og mikið dund. Ég er að bæta við nýrri viðartegund, birkiróti, og hef verið að hanna meira sem verður klárað fyrir sumarið og eins erum við að setja upp heimasíðu, þar sem hægt verður að velja bæði umgjarðir og gler," segir Sverrir, en Har Eyewear fæst einnig í gleraugnaversluninni Sjáðu á Hverfisgötu.

Umgjarðirnar hafa vakið talsverða athygli og segir Sverrir það yfirleitt koma fólki á óvart hversu léttar og liprar þær eru. Þá séu þær ekki viðkvæmar. „Ég hef notað sólgleraugun mín í tvö ár og það sér ekki á þeim."

Nánar má forvitnast um Har Eyewear á Facebook.



**SVIPAR TIL SMÍÐI HJÓLABRETTA** Sverrir límir saman spón í mót með aðferð sem notuð er við smíði hjólabretta.

## VINVEITTIR GERLAR

*Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland*




# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.*

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það útheimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangs fyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu,“ segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

**FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG HEILUSVÖRUVERSLUNUM.**



### VIÐKVÆM Í MAGA

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppnir og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er vön. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga,“ segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir.“

### ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR

„Það er líka stór kostur við One Week flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatn,“ segir Hanna Rún.




### ONE WEEK FLAT

- OptiBac-meltingargerlarnir henta vel fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af matarópoli eða vanvirkni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

**HEILBRIGÐ MELTING**
„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu“ Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.
MYND/ERNIR


eat water

ÞYNGDARSTJÓRNUN OG BLÓÐSYKURSJAFNVÆGI MEÐ SLIM PASTA

„Slim Pasta“ kemur alfarið í staðinn fyrir venjulegt pasta og er notað samhliða hollu hráefni eins og grænmeti, kjöti og fiski. Pastað getur þú notað í alla þína uppáhaldsrétti en það hjálpar þér að elda hollan og næringarríkan mat.




„Ég hef notað Slim Pasta reglulega um nokkurra mánaða skeið og mæli heilshugar með þessum vörum, en hann notar Slim Pasta markvisst í ýmsar uppskriftir í staðinn fyrir venjulegar pastavörur með góðum árangri“

Víðir Þór Þrastarsson,
íþrótta- og heilsufræðingur






GULL BYLGJAN

OptiBac probiotics




„Ég mæli með því að konur velji náttúrulegu leiðina gegn þrálátum sýkingum og sem forvörn“

Valbjörg Þórðardóttir
hjúkrunarfræðingur



Gegn sveppasýkingu,bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu

@OptiBac
www.facebook.com/optibaciceland

Fæst í apótekum og heilsubúðum

PRENTUN.IS















**VAKTI MIKLA LUKKU** Brúðhjónanna beið slökkviliðsbíll eftir athöfnina. Þau óku honum á brott í veisluna með blikkandi ljós og gjallandi lúðra.

# VALDI KJÓLINN ÚT FRÁ KRANSINUM

**BRÚÐKAUP** *Áslaug Karlsdóttir og Birkir Árnason giftu sig í júní í fyrra. Áslaug var í blúndukjól með blómakrans í hárinu en brúðarkjólar settir blúndum og lifandi blóm í hári hafa verið áberandi í brúðartískunni að undanförnu.*

Áslaug Karlsdóttir og Birkir Árnason giftu sig í Prestbakkakirkju á Kirkjubæjarklaustri 7. júní í fyrra og slógu upp veislu í hlöðunni í Efri-Vík að athöfn lokinni. Áslaug hefur lokið grunnnámi í sálfræði en Birkir, sem er slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, er í bráðatækninámi í Bandaríkjunum og eru þau hjónin búsett þar í dag. Áslaug fékk blúndukjólinn sem hún klæddist á netinu en hann var valinn með hliðsjón af kransinum sem hún var strax ákveðin í að bera. Brúðkaupstíminn fer senn í hönd og eru margir farnir að huga að undirbúningi. Áslaug féllst á að svara nokkrum spurningum um brúðkaupið og gefa um leið góð ráð.

***Var eitthvert þema í veislunni? Af hverju völduð þið það?***

Við héldum veisluna í hlöðu sem eitt og sér gaf skemmtilega stemningu. Við höfðum ákveðnar hugmyndir um veisluna í upphafi og hlaðan féll vel að þeim. Við skreyttum hana með fánalengjum og ljósaseríum til þess að skapa rómantíska stemningu. Við notuðum einfalt og hrátt efni í skreytingar og fengum lánuð ljósker, loðfeldi og fleira sem okkur þótti passa. Við vorum mjög ánægð með útkomuna og þótti það draumi líkast að koma inn í fullbúinn salinn. Þá var brúðarbíllinn af óvenjulegu tagi en eftir athöfnina beið okkar slökkvibíll á planinu. Það vakti mikla lukku hjá gestunum þegar við vippuðum okkur upp í bílinn og keyrðum á brott með blikkandi ljós og gjallandi lúðra.

***En af hverju varð Kirkjubæjarklaustur fyrir valinu?***

Birkir eru uppalinn á Kirkjubæjarklaustri. Við kynntumst fyrir tíu árum þegar ég og vinkona mín fórum þangað að vinna yfir sumarið. Við trúlofuðum okkur svo á aðfangadagskvöld 2013 og fórum fljótlega að huga að brúðkaupi.

***Hver gerði blómakransana?***

Gömul skólasystir mín, Gyða Lóa Ólafsdóttir, sá um að útbúa þá fyrir mig og dóttur okkar Sonju Björt Birkisdóttur. Hún notaði villt blóm sem hún tíndi sjálf í bland við blóm úr blómabúð. Ég var alveg í skýjunum með útkomuna.

***Af hverju ákvaðst þú að vera með krans?***

Í undirbúningnum varð ég fljótlega alveg heilluð af blómakrönsum og var það að vera með krans með því fyrsta sem ég ákvað í tengslum við brúðkaupið. Kjóllinn, skórnir og fylgihlutirnir voru svo valdir út frá því.

***Hvaðan kemur kjóllinn?***

Ég pantaði hann á vefsíðunni Revolve Clothing.

***En jakkaföt Birkis?***

Við keyptum þau hjá Kormáki og Skildi.



**KEYPTUR Á NETINU** Kjólinn keypti Áslaug á vefsíðunni Revolve Clothing en sífellt algengara er að konur kaupi brúðarkjóla á netinu.



**HLÖÐUVEISLA** Hlaðan var meðal annars skreytt með fánalengjum og ljósaseríum. Útkoman var að sögn Áslaugar draumi líkust.

# Lífið

FÖSTUDAGUR
2. APRÍL 2015


Friðrika H. Geirsdóttir
**GAGNRÝNI GETUR VERIÐ UPPBYGGJANDI** 2

Sigga Dögg Arnardóttir
**GET ÉG ORÐIÐ ÓLÉTT Í HEITA POTTINUM?** 6

Tíska og fegurð
**EDIKIÐ MÝKIR ANDLITSHÚÐINA OG HÁRIÐ** 6




Hrefna Björk Sverrisdóttir

## HUGMYNDIRNAR VERÐA AÐ VERULEIKA


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

Heilsuvísir

## ELDHEITT Á ÍSLANDI

**Íslenski listinn er frumfluttur í hverri viku á laugardögum fyrir kvöldfréttir á Stöð 2. Hann er í umsjón hinnar gullfallegu Óskar Gunnarsdóttur, sem sér einnig um morgunþætti á FM957. Vinsælustu lögin þessa vikuna finnurðu á Spotify-svæði Heilsuvísis.**



- **CHEERLEADER** *OMI*
- **FOUR FIVE SECONDS** *RIHANNA FT. KANYE WEST & PAUL MCCARTNEY*
- **ELASTIC HEART** *SIA*
- **LAY ME DOWN** *SAM SMITH*
- **HOLD BACK THE RIVER** *JAMES BAY*
- **WHAT I DID FOR LOVE** *DAVID GUETTA FT. EMELI SANDE*
- **EARNED IT** *THE WEEKND*
- **THE NIGHTS** *AVICII*
- **TIME OF OUR LIVES** *PITBULL FT. NEYO*
- **UP** *OLLY MURS FT. DEMI LOVATO*



Vandaðu þig þegar þú gagnrýnir og hafðu jákvæðnina að leiðarljósi. NORDICPHOTOS/GETTY

# ERTU AÐ DREKKA **EITUR?**

**Gagnrýni er daglegt brauð í samfélaginu, hún getur bæði haft uppbyggjandi áhrif og rifið niður.**



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Gagnrýni er áhugavert fyrirbæri, í rauninni mætti kalla hana afl því hún getur bæði byggt upp og rifið niður. Uppbyggileg gagnrýni er mannbætandi og getur haft þau áhrif að við tökum réttar ákvarðanir sem svo gera okkur hamingjusamari í kjölfarið. Það þarf ákveðinn kjark til þess að leita eftir gagnrýni því eins og það er gott að fá uppbyggilega gagnrýni er sárt að fá niðurrífandi gagnrýni. Svo er það nú einu sinni þannig að sjálf þurfum við að sigta frá og meta hvort við tökum mark á þeirri gagnrýni sem við fáum. Stundum getur neikvæð gagnrýni orðið til þess að við verðum enn staðfastari í að fara þá leið sem við erum á. Að sama skapi getur jákvæð gagnrýni togað okkur upp úr tunnunni og beint okkur á rétta braut.

Það er manninum eðlilegt að gagnrýna og meta lífið út frá reynslu og þekkingu en lífið er sífellt að koma okkur á óvart og ný þekking kemur sér fyrir í hugarfylgsnunum, þá þurfum við að muna eftir því að uppfæra skoðanir okkar svo að við festumst ekki í fornu fari. Við berum ábyrgð á þeim orðum sem við látum út úr okkur. Orðin endurspegla úr hverju við erum gerð í raun og veru; hverjar eru okkar hindranir og ótti.

Þegar við rýnum til gagns getum við ekki annað en verið heiðarleg í skoðunum okkar og markmiðið er undantekningarlaust það að ná árangri, hvort sem það er fyrir okkur sjálf eða aðra. Niðurrífandi gagnrýni skilur fátt annað eftir sig en brot á eigin sjálfi. Það er eins og að drekka eitur og búast við því að hinn aðilinn, sem gagnrýnin beinist að, skaðist, eins og Nelson Mandela komst svo skemmtilega að orði. Venjum okkur á að vanda okkur við gagnrýnina og veljum að rýna til gagns, það gerir lífið svo miklu skemmtilegra og bjartara.

> „Þegar við rýnum til gagns getum við ekki annað en verið heiðarleg í skoðunum okkar.“




## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ...

**því að þú skipuleggir sumarfríið með fjölskyldu og vinum. Láttu hugann reika og hugmyndaflugið fara á flug, hvert langar þig að fara og með hverjum? Hefurðu ferðast um landið? Notið sólseturs á Vestfjörðum, sem er eitt það fegursta í heiminum? Langar þig í hellaskoðunarferð eða leita uppi heitar laugar? Langar þig mest af öllu að flýja land og leggjast á heita sólarströnd með kokteil í annarri hendi og góða bók í hinni? Hvert leitar hugurinn? Núna eru ferðaskrifstofurnar með hvert tilboðið öðru betra. Gerðu eitthvað skemmtilegt í sumar og njóttu þín.**



**Lífið** www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Vilhelm Gunnarsson**













Culiacan
MEXICAN GRILL

Opið alla daga 11.30-22.00
Lokað föstudaginn langa og páskadag
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is



# NÝ NÁLGUN Í TÍSKU-HEIMINUM

**Frumkvöðullinn og hugmyndasmiðurinn HREFNA BJÖRK SVERRISDÓTTIR er með áhugaverð verkefni í gangi sem eru eins ólík og þau eru mörg.**



**Sigga Dögg**
blaðamaður
siggadogg@365.is

Hrefna Björk Sverrisdóttir er ein af þessum konum sem maður heldur jafnvel að hafi auka klukkustundir í sólahringnum eða þurfi minni svefn en flestir. Hún er drífandi og stekkur á góðar viðskiptahugmyndir og keyrir þær áfram þar til hugmynd verður að veruleika. Hún er með mörg járn í eldinum en kippir sér ekkert sérstaklega upp við það og upplifir ekki að hún geri meira en aðrir: „Þetta bara einhvern veginn er svona og hefur alltaf verið,“ segir Hrefna eins og ekkert sé eðlilegra. Það er greinilegt að það er í kjarna Hrefnu að framkvæma og þegar Hrefna er innt eftir því hvort þetta sé innbyggð snilldargáfa eða ofvirkni þá segir hún að það sé hvorugt. „Þetta er spurning bara um að gera og hætta að ofhugsa hlutina, taka upp símann og hringja en ekki mikla fyrir þér verkefnið áður en þú leggur í það svo það verði ekki óyfirstíganlegt.“

## Útgáfan heillaði

Hrefna hefur ætíð farið ótroðnar slóðir í rekstri og atvinnusköpun og sem dæmi um slíkt þá stofnaði hún blaðið Orðlaus ásamt nokkrum vinkonum sínum við lok stúdentsprófs frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Mér fannst bara vanta blað fyrir þenkjandi ungar konur um málefni sem ungt fólk er að pæla í og langar að lesa um, bæði áhugaverðar fréttir en einnig hvað er að gerast í samfélaginu.“ Málgagn fyrir þennan aldurshóp hafði vantað og því var Orðlaus kærkomið.

Blaðinu var dreift í flesta framhaldsskóla og á kaffihús og naut mikilla vinsælda. Þannig lágu leiðir Hrefnu inn á Morgunblað í kjölfar þess sem hún seldi tímaritið Ár og dag. Hrefna var einnig á meðal stofnenda Monitor og stýrði blaðinu fyrstu tvö árin. Hrefna hugsar til baka og rifjar upp starfsandann við blaðaútgáfuna. „Það var ótrúlega skemmtilegur tími og mikið af góðu fólki sem maður kynntist þar enda yfirleitt góð orka í kringum ungt fólk og hugðarefni þess.“

## Móðurhlutverkið kallar

Móðurhlutverkið bankaði tiltölulega snemma upp á hjá Hrefnu, sem þá var í sambandi með Bjarna úr Mínus eins og hann er oftast kallaður. Þau eiga saman dótturina Ronju. Hrefna hafði verið á fullu í vinnu við blaðaútgáfu og að vera ung kona í sambandi með rokkara og því glysi sem þannig lífsstíl getur fylgt. Hún var því ekki með hugann sérstaklega við barneignir. Hrefna upplifir þakklæti fyrir móðurhlutverkið þótt það hafi komið óvænt upp á. „Lífið með Ronju er bara ótrúlegt. Það er svo gefandi að vera móðir en samt svo krefjandi.“ Hrefna segir þær mæðgur vera mjög nánar og vera núna orðnar eins konar vinkonur. „Hún er svo skemmtileg og það er svo gaman að spjalla við hana og fá hennar sýn á lífið.“

Um skeið bjó fjölskyldan í Noregi þar sem Hrefna rak fataverslun og segir hún þann tíma hafa verið yndislegan fyrir þær mæðgur. „Við áttum svo mikinn tíma til að vera saman. Það var svo rólegt og fjölskylduvænt þarna og þetta var í raun frábær tími fyrir okkur.“ Aðspurð hvort hugurinn leiti til Noregs er Hrefna fljót að svara: „Nei, það er í raun hundleiðinlegt þar og ekkert að ske en ef maður er í uppeldisgír þá er þetta frábært,“ segir hún og skellihlær.

Bjarni og Hrefna skildu fyrir um þremur árum og er Hrefna nú í sambúð með Magnúsi Scheving, sem er betur þekktur sem stofnandi Latabæjar og andlit Íþróttaálfsins.

## Lífið í Latabæ

Fréttir af forkólfi sem lét hugmyndir verða að veruleika með glans og fágun bárust um íslensk fyrirtæki og þegar Latabæ vantaði framleiðanda þá var potaði í Hrefnu. „Ég var eiginlega veidd inn í verkefni fyrir Latabæ til að sjá um framleiðslu á morgunblokk fyrir Sprout og NBC í Bandaríkjunum og í kjölfarið var mér boðið starf sem Head of Creative Development. Þar sem þetta er flott og alþjóðlegt fyrirtæki þá var ekki flókið að þiggja það.“ Hrefna sér ekki eftir því í dag. Í starfi sínu hjá Latabæ ferðaðist Hrefna út um allan heim og öðlaðist reynslu með því að vinna með fólki alls staðar að úr heiminum og hitti hún mikilmenni líkt og Michelle Obama í heimsókn í Hvíta húsinu. „Það var svo súrrealískt að vera þarna í Hvíta húsinu að taka í höndina á henni, en samt var það svo eðlilegt því að hreyfing og heilsa barna er mikilvægt málefni,“ bætir Hrefna við, sem segir Latabæ sem vinnustað vera ólíkan öllum öðrum. „Þetta var mikill hraði sem þurfti að vinna á og maður var alltaf á tánum en svo leiðis er það bara þegar stefnan er tekin á velgengni á alþjóðlegu sviði,“ segir Hrefna sem kippir sér ekkert upp við óhefðbundinn vinnutíma eða krefjandi starfsumhverfi.

Þegar blaðamaður veltir því fyrir sér hvernig megi samtvinna ferðalög heimsálfa á milli og uppeldi svarar Hrefna: „Þetta er oft spurning um gæði stundanna sem við eigum saman frekar en magn tímans. Svo reynir maður að hugsa þetta þannig að maður sé ekki lengra en eitt símtal frá henni en svona vinna togar alveg í hjartað.“ Það er þetta sígilda uppeldissamviskubit sem fylgir flestum foreldrum, óháð vinnutímanum eða landfræðilegri staðsetningu starfsins.

## Sprellað í sjónvarpi

Hrefna hlustar eftir



„Mér fannst bara vanta blað fyrir þenkjandi ungar konur um málefni sem ungt fólk er að pæla í og langar að lesa um, bæði áhugaverðar fréttir en einnig hvað er að gerast í þjóðfélaginu.“

Hrefna Björk er með spennandi hluti á prjónunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



hugmyndum og ef henni þykja þær góðar þá glæðir hún þær lífi og fylgir þeim eftir þangað til þær verða að raunveruleika. Þannig þótti henni vanta góðan innileikstað fyrir börn á Íslandi svo hún bjó bara einfaldlega einn slíkan til, Ævintýragarðinn í Skútuvogi, og er hann enn starfræktur.

Önnur góð hugmynd var ungi grínistinn Steindi Jr. sem byrjaði með sprell á YouTube. Hrefna hafði fylgst með honum og tók grínið hans enn lengra því hún sá um að koma honum í sjónvarp og framleiddi aðra þáttaseríuna af Steinda Jr. við góðar undirtektir þjóðarinnar. Hrefna var einnig yfirframleiðandi sjónvarpsþáttanna Tveir+Sex þar sem kynlífstengd málefni voru tekin fyrir og krufin en þar var systir hennar, Sunneva Sverrisdóttir, annar þáttarstjórnenda. „Hugmyndin snýst að mestu um framkvæmd, margir fá góðar hugmyndir en gera ekkert með þær, en ef ég heyri af góðum hugmyndum reyni ég að finna teymi til að gera þær að veruleika,“ segir Hrefna eins og ekkert sé eðlilegra, eða auðveldara, en að hrinda draumum í framkvæmd. Það mætti því segja að það sé alltaf hægt að hvísla góðri hugmynd að Hrefnu, hvort sem það er fyrir sjónvarp eða jafnvel eitthvað allt annað.

## Flík fær mörg líf

Hrefna er framkvæmdastjóri Another Creation, hátísku fatamerkis sem sýndi nýverið fyrstu línuna sína á Reykjavík Fashion Festival við mjög góðar undirtektir hérlendis og erlendis.

Ýr Þrastardóttir fatahönnuður sér um hönnun á flíkunum en Anna Lilja Johansen er framleiðslustjóri. „Ýr er enginn venjulegur hönnuður en ásamt því að vera besti hönnuður landsins býr hún einnig yfir þeim hæfileika að finna lausnir til að láta flíkurnar breytast. Það er hægara sagt en gert.“ Hugmyndin á bak við fatnaðinn er einmitt sú að hægt er að nota hverja flík á mismunandi hátt og breyta henni og jafnvel uppfæra hana með því að kaupa viðbætur við hana. Þannig má t.d. breyta jakka í vesti með því að fjarlægja ermar eða skipta út fyrir aðrar ermar. Sama má segja um hettur eða kraga og jafnvel neðri parta. Hrefna segist kjósa að kaupa sér fáar góðar flíkur frekar en margar ódýrar og því heilli þessi nálgun á fatnað hana sérstaklega.

„Þetta er alveg ný nálgun í tískuheiminum. Ég hef mikla trú á þessum möguleika fyrir konur. Okkur langar margar að eiga föt sem eru af góðum gæðum en hikum oft við að kaupa vegna verðsins. Ef við getum nýtt flíkina á fleiri en einn veg og við fleiri en eitt tilefni værum við örugglega líklegri til að tíma að borga aðeins meira fyrir fötin. Það svarar kalli eftir aukinni nýtni fatnaðar en það er alveg hrikalegt að sjá hvað miklu af flíkum er hent eftir að hafa aðeins verið notaðar í nokkur skipti. Okkur langar að breyta því.“ Þar sem Hrefna er söm við sig þá er hún einnig eigandi nýs veitingastaðar sem verður opnaður í lok sumars við rætur Hallgrímskirkju. Hrefna vill ekki gefa mikið upp um staðinn en segir að þessi staður verði eitthvað öðruvísi en það sem hefur verið hingað til verið boðið upp á.

Það er margt á döfinni hjá Hrefnu og eflaust komið nýtt verkefni á koppinn þegar þetta viðtal er prentað. Ef þig vantar innblástur eða sjálfstraust til að framkvæma þá gæti verið margt vitlausara en að taka Hrefnu þér til fyrirmyndar og halda af stað út í framtíðina, staðráðin í að vinna hlutina vel og með heilindum.

## MYNDAALBÚMIÐ





Hrefna ásamt Ronju dóttur sinni og Sunnevu systur sinni, Magnúsi Scheving, sambýlismanni sínum, Hrefna og Ýr Þrastardóttir fatahönnuður.




# HJÁLP! ER ÉG ÓLÉTT?

**Margar spurningar brenna á vörum unglinga í dag varðandi það hvenær kona verður ólétt og hvenær ekki.**

Vikulega senda unglingar mér spurningar sínar um kynlíf og ég svara um hæl. Hér eru nokkrar nýlegar spurningar sem snúa sérstaklega að getnaði.

**?** Er möguleiki á að verða ólétt þótt limurinn hafi aldrei farið inn í leggöngin sjálfur en kannski voru sæðisfrumur á puttunum sem fóru inn í leggöngin?

**SVAR** Það er ekki hægt að útiloka það en það er mjög ósennilegt. Almennt séð þá myndi ég ekki vera að setja sæði annars í leggöng eða á píkuna því það er alltaf möguleg kynsjúkdómahætta, nú eða getnaður, þótt ólíklegt sé. Ólíklegt er nefnilega ekki útilokað.

**?** Er það slæmt ef gaurinn vill ekki nota smokk?

**SVAR** Já, það getur verið það því þú getur smitast af kynsjúkdómi – nú eða smitað hann af kynsjúkdómi. Ef þú ert ekki á neinni getnaðarvörn þá gætir þú einnig orðið ólétt. Það getur verið ágætt að spyrja af hverju hann vill ekki vera með smokk og jafnvel sé þá inni í myndinni að þið stundið ekki samfarir ef hann er ekki tilbúinn að vera með smokk. Þá er einnig gott að muna að smokkar eru misjafnir eftir tegundum og þið gætuð prófað smokka frá ýmsum fyrirtækjum þar til finnið smokk sem hentar ykkur. Þið gætuð einnig bæði farið í kynsjúkdómapróf og notað þá aðrar getnaðarverjur ef þið stundið bara kynlíf með hvort öðru og ekki öðru fólki. Hvað sem þið ákveðið að gera þar til finnið smokk sem hentar ykkur, þá er þetta spjall og samningaviðræður.

**?** Getur maður orðið óléttur ef sæði fer í munninn eða í sundi?

**SVAR** Algengasta og vænlegasta leiðin til að getnaður verði er ef typpi fer inn í leggöng án smokks og sáðlát verður. Sæði lifir ekki af meltingarveginn svo ef það fer í munninn þá fer það ekki þaðan og niður í legið svo takmarkaðar áhyggjur þarf að hafa af getnaði. Þó er gott að muna að möguleiki er á kynsjúkdómasmiti í háls við það að stunda óvarin munnmök og fá sæði upp í sig. Hvað varðar sundið þá gilda sömu lögmál þar. Ef sæði gæti sloppið úr grunlausum lim og laumast inn í næstu leggöng þá væri faðerni flestra barna á Íslandi á huldu og enginn þyrði í sund af ótta við getnað. Sem betur fer virkar þetta ekki svoleiðis og limur þarf að fara inn í leggöng og fá þar sáðlát svo möguleiki sé á getnaði, það gildir einnig í sundi. Og aftur, það er hægt að smitast af kynsjúkdómum í sundi ef þú stundar kynlíf með manneskju sem er með kynsjúkdóm.



„Þó er gott að muna að möguleiki er á kynsjúkdómasmiti í háls við það að stunda óvarin munnmök og fá sæði upp í sig.“

**VILTU SPYRJA UM KYNLÍF?**

Ef þú hefur spurningu um kynlíf þá getur þú sent Siggu Dögg póst og spurningin þín gæti birst í Fréttablaðinu.
sigga@siggadogg.is






# EDIK TIL ALLRA NOTA

Það er löngum vitað að edik er til margra hluta nýtilegt og ekki einungis í eldhúsinu. Edik er til dæmis upplagt að nota við heimilisþrifin en einnig til að mýkja húðina, auka endingu naglalakksins og eyða táfýlu. Við á Lífinu erum búin að taka saman nokkur frábær ráð til að nota edikið enn frekar.



Edik er bæði hægt að nota sem snyrtivöru og í heimilisþrifin.

## MÝKIR HÚÐINA

Settu 200 ml af ediki í baðið og njóttu í 15 mínútur, þetta mýkir húðina og heldur sýrustiginu í jafnvægi.

## ANDLITSVATN

Edik er alveg prýðilegt andlitsvatn. Það hefur kannski ekki besta ilminn en áhrifin eru góð því edikið hjálpar til við að hreinsa burt dauðar húðfrumur og minnka svitaholur.

## GLANSANDI LOKKAR

Blandaðu tveimur matskeiðum af ediki við 200 millilítra af vatni og skolaðu hárið upp úr því eftir að þú hefur þvegið það með sjampói. Skolaðu ediksblönduna úr og settu í hárið létta næringu. Hárið verður glansandi fínt og fallegt.

## FLÖSUNA FRÁ

Blandaðu teskeið af ediki í sjampóið þitt og notaðu reglulega ef þú ert að berjast við flösu. Edikið jafnar sýrustig húðarinnar og kemur jafnvægi á hársvörðinn. Einnig er hægt að blanda saman jöfnu hlutfalli af ediki og vatni og nudda blöndunni í hársvörðinn áður en að þú þværð á þér hárið. Hvort tveggja ætti að fæla flösuna frá.

## AUKTU ENDINGU NAGLALAKKSINS

Vættu bómull með ediki og renndu yfir neglurnar, láttu þær þorna og naglalakkaðu þig eins og þú ert vön að gera. Edikið tekur burt alla yfirborðsfitu af nöglunum og gerir það að verkum að lakkið helst lengur.

## BURT MEÐ TÁFÝLUNA

Settu 200 ml á móti hverjum lítra af vatni í fótabaðið til að losna við óæskilega táfýlu. Njóttu baðsins í 15 mínútur og gættu þess að þerra tærnar vel áður en þú ferð aftur í sokkana.

NÝTT

Frón

# PRÓFAÐU NÝTT KORNKEX FRÁ FRÓN MEÐ ÍSLENSKUM OSTI OG GRÆNMETI

Kornkex er einstaklega ljúffengt kex sem inniheldur blöndu af graskers-, sólblóma-, og sesamfræjum. Kornkex er trefjaríkt og er bakað úr 100% heilkornahveiti.

**10,3 g TREFJAR**

VELDU HEILKORNA






*Frón kemur við sögu á hverjum degi...*

www.fronkex.is

Instagram



**Föndraðu um páskana**

**instagram.com/diy//DIY**

Ef þér þykja frídagar frá vinnu íþyngjandi og þú fyllist eirðarleysi þá er um að gera að gefa höndum og huga verkefni og fara að föndra. Á þessari síðu getur þú lært að búa til óróa, kerti úr brotnum eggjum og hlíf úr gömlum sokk fyrir heitan kaffibolla. Möguleikarnir eru óteljandi.

facebook



**Súkkulaði og súkkulaði**

**facebook.com/Chocolatechocolateandmore//**

Nú gengur í garð súkkulaðihátíð mikil og ekki víst að allir nái að torga páskeggjunum sínum á einni helgi. Hér má finna ótal hugmyndir um hvernig má nýta afgangsegg í sætindi því allar uppskriftirnar hér innihalda súkkulaði.

YouTube



**Allt um förðun**

**youtube.com/tanyaburr**

Tanya Burr er ein vinsælasta Youtube-stjarna Breta. Hún gaf nýverið út lífsstílsbók sem selst hefur vonum framar. Tanya er einnig mágkona systranna sem framleiða Real Technique-burstana sem eru svo vinsælir hér á Íslandi.

Pinterest

**Sívinsæla kexið**

**pinterest.com/ritzcrackers**

Það kann að minna á ferðalag til fortíðar að bjóða upp á Ritz-kex í veislu en hér má finna ótal sniðugar leiðir til að poppa upp hinn sígilda munnbita sem býður gesti velkomna til veislu. Algjörlega ómissandi á páskunum.



## VEFSÍÐAN ÚR FÓRNARLAMBINU Í SIGURVEGARANN

**Life change the revolution**

**www.lifechangetherevolution.com**

Mark Bowness var fráskilinn og þunglyndur aðeins 26 ára að aldri en ákvað að snúa sorgum í sigra og bjó til þetta þrjátíu daga prógramm til þess að hvetja aðra til að gera gott úr slæmum aðstæðum. Í þessu bloggi hvetur hann fólk til að axla ábyrgð á lífi sínu og bendir á leiðir um hvernig megi lifa lífi sínu til fulls. Tími endurskoðunar er núna, óháð aldri og aðstæðum.












ÍSINN MEÐ GULA LOKINU
Skafís
Í TILEFNI DAGSINS
– ALLA DAGA
PIPAR\TBWA • SÍA • 150164
Skafís
MEÐ SÚKKULAÐISÓSU
1.0 lítri
emmessís
MEÐ VANILLUBRAGÐI
MEÐ SÚKKULAÐISÓSU
HNETUÍS MEÐ KARAMELLUSÓSU
emmessís

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið




### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Hestamennska

**HELDRI FÁKSMENN**
Hittast næst laugardaginn 11. apríl (ekki nk. laugardag) í Guðmundarstofu kl. 10:30 Sjáumst þá hress og kát.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

Herbergi til leigu v. Hótel Sögu. Uppl. í s. 8600360

Björt og falleg 96 fm íbúð til leigu í hjarta borgarinnar. Leigist í sumar með húsögnum frá 1.júní og út ágúst. Möguleiki á framlengingu. Leiguverð 220 þús. á mánuði. Skilvísar greiðslur og reglusemi skilyrði. Uppl. gefur Katrín í s. 891 9698

Til leigu falleg 99 fm. 3 herb. íbúð í Grafarholti á 2 hæð stæði í bílhúsi og geymslu á jarðhæð. Útgengt er úr stofu á verönd. Pvottahús í íbúð. Leigan er kr. 180.000. pr mán. og greiðir leigjandi einnig hússjóð sem er ca. 14.000. pr. mán. Setja þarf tryggingu fyrir 3ja mánaðar leigu. Áhugasamir sendið uppl. um fjölskyldustærð kt. og störf á tölvupóst 204marteinn@gmail.com

### Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herbergja íbúð frá 1 mai í tvö ár staðsettning 112, 108, 105, 101 Öruggum og skilvísum greiðslum heitið meðmæli frá frá fyrrum leigusala og leigufélagi uppl. í síma 898 4526

Móðir með 2 börn óskar eftir íbúð til leigu. Uppl í S.7722467

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Leitum að afgreiðslumanni / kaffibarþjóni í verslun og kaffihús í miðbænum. Verður að geta byrjað sem fyrst. Hlutastarf og afleysingar í boði. Hafið samband á: italskikaffibarinn@gmail.com

Vegna forfalla vantar verkstjóra í fiskvinnslu í Þorlákshöfn strax. Uppl. í s. 847 8695 & hsver@simnet.is

**SÉRVERKEFNI**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða starfsmenn í sérverkefnadeild við bónvinnu, hreingerningar o.fl. á höfuðborgarsvæðinu. Störfin henta báðum kynjum. Bílpróf, hreint sakavottorð og góð íslenskukunnátta nauðsynleg.
**Nánari upplýsingar fást í síma 821-5050 á skrifstofutíma eða sendið umsóknir á umsokn@rth.is**

**APARTMENT K, RECEPTION MANAGER POSITION REQUIRED**
Apartment K is looking for a day shift, Front Office Reception Manager. We are looking for candidates with excellent customer service and previous experience is preferred. This is a full time job and shifts are 2.2.3. A Drivers license is required.
**Please send CV's to sales@apartmentk.is**

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hljólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560. We are looking for experienced workers for tire season For more information contact Gudni on 692-0560

Sushibarinn óskar eftir starfsfólki í eldhús, um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Ef þú ert eldhress, ábyrgðarfull/ur, dugleg/ur og með ástríðu fyrir sushi, sendu ferilskrá á eyrun@barco.is

## TILKYNNINGAR

### Einkamál




**SPJALLDÖMUR 908 5500**
Hlökkum til að heyra í ykkur, engin bið. Opið þegar þér hentar!







### atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




























**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir



# Víðimelur 36
3ja herbergja hæð


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Einstök eign að stærð 78,7 fm á 2. hæð
Einungis 1. íbúð á hæð í stigagangi
með þremur íbúðum
Upprunalegar innréttingar
Laus strax

Verð: **32,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Vættaborgir 142
fallegt einbýlishús




Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is


**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fallegt hús að stærð 190,2 fm
Innbyggðum bílskúr m. mikilli lofthæð
Húsið allt hið vandaðasta
Afgirt lóð, harðviðar girðing
Stór verönd sem tengist eldhúsi
Mikið sjávarútsýni

Verð: **67,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

#### *Ákvörðun um matsskyldu*

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Ofanflóðavarnir á Bíldudal, Vesturbyggð**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **4. maí 2015.**

Til hvers að flækja hlutina? **365**
SJÁLFKRAFA
Í **BESTA ÞREP!**
**365.is | Sími 1817**



## **Grímsbær,** skrifstofur á 2. hæð

Um 695 m² skrifstofuhæð til leigu við Efstaland 26, með inngang við Bústaðaveg, í lengri eða skemmri tíma. Hæðin er björt með nokkrum skrifstofum, fundarherbergjum og opnu vinnurými. Ágætis eldhús og stórar suðursvalir.

Í Grímsbæ er fjölbreytt þjónusta við höndina, næg bílastæði eru við húsið og góð aðkoma er að skrifstofuhæðinni bakatil.

# TIL LEIGU

Nánari upplýsingar á **www.reitir.is**
og hjá Halldóri Jenssyni, forstöðumanni
sölusviðs, í **840 2100** eða **halldor@reitir.is**

Reitir fasteignafélag   Kringlan 4–12   103 Reykjavík   www.reitir.is   575 9000

**REITIR**
*Velkomin til starfa*

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN UM PÁSKANA

**SKÍRDAGUR:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**FÖSTUDAGURINN LANGI:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**LAUGARDAGUR:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**PÁSKADAGUR:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**ANNAR Í PÁSKUM:**
Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



PIPAR\TBWA • SÍA • 151265

## ALLT FYRIR PÁSKAHÁTÍÐINA



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 99 kr. stk. | 139 kr. | 699 kr. | 939 kr. | 1029 kr. | 1199 kr. kg. |
| Áður: 128 kr. | Áður: 158 kr. | Áður: 1498 kr. | | | Áður: 1499 kr. |
| Pepsi, Pepsi Max og Appelsín 500 ml | Coca Cola 500 ml | Lagkaka fyrir 8 | Ben & Jerry´s 500 ml | Coca Cola 4x2 l | 1. flokks SS lambalæri 2,1–2,6 kg |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

## MERKISATBURÐIR

999 Gerbert d'Aurillac verður Silvester 2. páfi.

1453 Umsátrið um Konstantínópel hefst.

1801 Breski flotinn undir stjórn Nelsons flotaforingja gersigrar danska flotann við Kaupmannahöfn.

1805 Hans Christian Andersen fæðist.

1831 Lorenz Angel Krieger verður stiftamtmaður á Íslandi.

1902 Fyrsta kvikmyndahúsið er opnað í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

1982 Argentína gerir innrás á Falklandseyjar. Innrásin markar upphaf Falklandseyjastríðsins.

2004 Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía verða fullgildir meðlimir í NATO.



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**KRISTÍN SVAVA AGNARSDÓTTIR**
**frá Ísafirði,**

lést 31. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Svavar Garðarsson** **Guðlaug Björnsdóttir**
**Agnes Margrét Garðarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**Agnes Agnarsdóttir**
**Hjaltlína Agnarsdóttir**
**Erna Agnarsdóttir**
**Margrét Martinez Agnarsdóttir**
**Sigmundur Agnarsson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**EBBA INGIBJÖRG E. URBANCIC**
**kennari,**
**Goðheimum 8, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 31. mars á Landakotsspítala. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Pétur Urbancic**

| | |
|---|---|
| **Ásta Melitta Urbancic** | **Tómas Óskar Guðjónsson** |
| **Viktor Jóhannes Urbancic** | **Gunnhildur Úlfarsdóttir** |
| **Anna María Urbancic** | **Finnur Árnason** |
| **Linda Katrín Urbancic** | **Gísli Guðni Hall** |
| **Elísabet Sigríður Urbancic Lose** | **Kjeld Lose** |

**Árni Grétar, Pétur Marteinn, Ebba Katrín, Jóhannes Bjarki, Marteinn Pétur, Sigrún Ebba, Oliver Páll, Tómas Ingi, Viktor Pétur, Guðjón Páll, William Ari og Christian Mar**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI EYSTEINSSON**
**kaupmaður,**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 31. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristín Jónsdóttir**
**Jóna Helgadóttir**

| | |
|---|---|
| **Eysteinn Helgason** | **Kristín Rútsdóttir** |
| **Matthildur Helgadóttir** | **Tómas Óli Jónsson** |
| **Guðleif Helgadóttir** | **Haraldur Sigurðsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**VALDIMAR TÓMASSON**
**Suðurtúni 19,**
**Álftanesi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, þriðjudaginn 24. mars. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 7. apríl kl. 15.00.

**Guðrún Júlíusdóttir**
**Sólborg Valdimarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Einar Ingi Valdimarsson** | **Alda Ingibergsdóttir** |
| **Þórarinn Valdimarsson** | **Veronica Valdimarsson** |
| **Guðrún Sigríður Loftsdóttir** | **Skarphéðinn Þór Hjartarson** |

**stjúpbörn, tengdafaðir, barnabörn og langafadrengur.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST
Áratuga reynsla


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

**ÞETTA GERÐIST** 2. APRÍL 1725

## Skelfilegir jarðskjálftar

Í Hítardalsannál frá árinu 1725 var greint frá miklum jarðhræringum og jarðeldum við Heklurætur þann 1. og 2. apríl. „Um alla nóttina og fram til morguns þess 1. og 2. Aprilis, eður þessa fyrsta og annars dags í páskum, gengu skelfilegir jarðskjálftar um Árness- og Rangárvallasýslur, svo fólk klæddist aptur, þorði ekki við að haldast inni í húsum," sagði í annálnum.

Þennan dag hófst eldgos suðaustanmegin við Heklu og er gosið talið til Heklugosa þar sem jarðeldarnir komu úr sama eldstöðvarkerfi og tilheyrir Heklu. Gosið varð þó lítið og olli engu tjóni á mönnum eða dýrum en jarðskjálftahrinan sem fylgdi í kjölfarið á að hafa verið ægileg en í annálnum segir að bærinn Haukadalur á Rangárvöllum hafi hrunið vegna þeirra. Gosið, þrátt fyrir að vera lítið, stóð langt fram eftir vori. Ekki er vitað um legu eldstöðvanna en talið er að yngra hraun hafi breytt sig yfir þær í seinni tíð.



**HEKLA** Gosið á myndinni er frá árinu 1947.
LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**INGI ÓLAFSSON** Skólastjóri Verzlunarskólans segist ekki hafa haft mikið álit á hugmyndum um þriggja ára stúdentsnám fyrr en hann rannsakaði málefnið sjálfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þrjú ár að klára nám við Verzlunarskóla Íslands

**Frá og með næsta hausti mun Verzlunarskólinn aðeins innrita nemendur í þriggja ára nám til stúdentsprófs. Mikil vinna hefur verið lögð í uppsetningu námsins innan skólans.**

Verzlunarskóli Íslands fagnar 110 ára afmæli næsta haust. Á þeim tímamótum mun skólinn taka gríðarmiklum breytingum því horfið verður frá fjögurra ára námi til stúdentsprófs. Nýnemar sem innritast í skólann nú í vor og hefja nám við Verzlunarskólann munu ljúka námi á þremur árum.

„Gífurlega mikil vinna hefur verið í gangi innan veggja skólans síðustu ár við að endurskipuleggaj allt námið frá grunni með það að markmiði að stytta námstíma nemenda um eitt ár. Stytting námstímans er sett upp á þá leið að ekki er slegið af kröfum um hæfi nemenda til frekara náms þegar skóla lýkur hjá okkur," segir Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands.

Aðdragandi þessara breytinga er nokkuð langur. Hugmyndir um styttingu stúdentsprófs niður í þrjú ár birtust í skýrslu menntamálaráðuneytisins árið 2003 þar sem þessar hugmyndir eru viðraðar og skoðaðar nokkuð ítarlega.

„Það er svo um vorið 2013 að skólanefnd felur mér formlega sem skólastjóra að kanna hvort það væri möguleiki á að stytta námstímann um eitt ár. Þá fyrst lagðist ég yfir málið af einhverju viti og haustið eftir komu um fimmtíu starfsmenn skólans að hugmyndinni og afraksturinn varð síðan ljós nú um áramótin," segir hann.

Ingi viðurkennir fúslega að í upphafi hafi hann ekki haft miklar mætur á þessum hugmyndum um styttingu stúdentsprófs. „Í sannleika sagt leist mér ekkert á þetta. Þegar þessi hugmynd spratt fyrst upp hafði ég allt á hornum mér og taldi þetta ógerlegt með öllu. En þegar ég fór að skoða þetta af einhverju viti viðurkenni ég að ég hafði ekki kynnt mér þetta nógu vel áður. Nú teljum við þetta gerlegt án þess að slá af kröfum til náms."

Vorið 2018 mun Verzlunarskólinn því útskrifa tvo stóra árganga úr skólanum sem að öllum líkindum verður met brautskráðra nýstúdenta við einn og sama skóla. Helmingur nemenda skólans mun því útskrifast á þessu ári eða um 600 stúdentar. „Það er ánægjulegt að við getum flýtt fyrir frekara námi okkar stúdenta á þennan hátt," segir Ingi. „Eins og við stillum upp náminu þá eiga okkar nemendur að geta sótt allar deildir háskólanna án vandkvæða eftir stúdentspróf við Verzlunarskóla Íslands."

sveinn@frettabladid.is



Stórfengleg borg

# Beint flug frá Keflavík og Akureyri

## 14.-17. maí

# Riga

Lettlandi



## Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.

**Úrval veitingahúsa, verslana (m.a. H&M) og kaffihúsa.**
**Næturlíf eins og það gerist best.**



**Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.**

**Verð** í tveggja manna herbergi

**kr. 98.900,-**

Innifalið: Flug, skattar, hótel með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.

Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.

Upplýsingar í síma 588 8900

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Trans - Atlantic
Sími 588 8900

www.transatlantic.is

# Veðurspá

## Fimmtudagur

**Vaxandi austanátt**, allhvasst og slydda eða snjókoma sunnanlands seinnipartinn, en hægara og bjartviðri fyrir norðan. Hiti víða 0 til 5 stig, en vægt frost norðaustan til.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 3° | 3° |
| 7 | 13 | 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 1° | -0° |
| 13 | 3 | 21 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 7° |
| 5 | 5 | 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 4° | 2° |
| 3 | 5 | 15 |



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** gangflötur, **8.** bjálki, **9.** eldsneyti, **11.** tveir eins, **12.** skrá, **14.** gimsteinn, **16.** þótt, **17.** umfram, **18.** flýtir, **20.** átt, **21.** nudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** strit, **4.** kjaftstopp, **5.** útsjónarsöm, **7.** mjólkursykur, **10.** sæ, **13.** stæla, **15.** geð, **16.** spenna, **19.** hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** laos, **6.** il, **8.** tré, **9.** gas, **11.** öð, **12.** skjal, **14.** tópas, **16.** þó, **17.** auk, **18.** asi, **20.** sa, **21.** niða.
**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** at, **4.** orðlaus, **5.** séð, **7.** laktósi, **10.** sjó, **13.** apa, **15.** skap, **16.** þan, **19.** ið.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stefán Bergsson (2.063) hafði hvítt gegn Svavari Viktorssyni (1.772) á áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**Hvítur á leik**
24. Hxe6! fxe6 25. Dxe6 Hc7 26. Bg6+ Kf8 27. Rxg5! Rd8 28. Rh7+ Hxh7 29. Hf5+ Rf7 30. Rf3 Bd8 31. Re5 He7 32. Dd6 Bc7 33. Rd7+ Kg8 34. Dxe7 Dxg6 35. Df8#. Stefán getur teflt vel þegar sá gállinn er á honum.
**www.skak.is:** Lenka með fullt hús eftir 4 umferðir.



# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | | 5 | 6 |
| | | 7 | | 6 | | | | |
| 4 | | 2 | 3 | 7 | | | | |
| | | 4 | 7 | | 3 | | 1 | |
| 1 | | | 2 | | 6 | | 3 | |
| 2 | | | 5 | | | | | |
| | | 1 | | 3 | | 2 | 8 | |
| 9 | 5 | | | 1 | | | 7 | 4 |
| | | 8 | | | | | | 9 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | | | | | 3 | | |
| | | 7 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | | 1 | | | 2 |
| | | 6 | 1 | 9 | 8 | | | 4 |
| | 1 | 5 | 2 | | | 7 | 8 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| | 3 | 8 | | | | | | |
| 7 | | | | | 3 | | 6 | 5 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | | | | | | 4 |
| | | | | | | 9 | | 6 |
| | 2 | | | | | | 3 | |
| | 7 | | 9 | 8 | 5 | 2 | 4 | |
| | 8 | | | | 2 | | | 3 |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | 9 | 5 | | 4 | | 3 | | |
| 4 | 3 | | | | | | 6 | |
| | | | 2 | 9 | | | 5 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 9 | 1 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 9 | 8 | 4 | 3 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 6 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 4 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 5 | 4 | 8 | 7 | 3 | 2 | 1 | 6 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 |
| 2 | 8 | 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 9 | 7 | 2 | 5 | 1 | 4 | 6 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 6 | 7 | 2 | 9 | 1 | 4 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# SPORTS DIRECT.COM

# OPNUNARTÍMAR YFIR PÁSKAHÁTÍÐINA!

FIMMTUDAGURINN 2. APRÍL - SKÍRDAGUR: 10:00-18:00

FÖSTUDAGURINN LANGI 3. APRÍL: LOKAÐ

LAUGARDAGURINN 4. APRÍL: 10:00-18:00

SUNNUDAGURINN 5. APRÍL - PÁSKADAGUR: LOKAÐ

MÁNUDAGURINN 6. APRÍL - ANNAR Í PÁSKUM: 10:00-18:00

VERIÐ VELKOMIN Í VERSLUNINA OKKAR Í LINDUM!

## GLEÐILEGA PÁSKA



SPORTS DIRECT.COM

Skógarlind 2

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Nike · Slazenger · adidas




Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*



Markhönnun ehf

# nettó Páskar

SÉRMEYRNAÐ VIÐ KJÖRAÐSTÆÐUR
Í 7 DAGA FYRIR FRYSTINGU



**LAMBALÆRI - GOÐI**
SÉRMEYRNAÐ - FROSIÐ
**1.575**
ÁÐUR 1.969 KR/KG




**KJÚKLINGABRINGUR**
900GR, DANSKAR
**1.391**
ÁÐUR 1.761 KR/PK



**-42%**
**HUMAR ÁN SKELJAR**
1 KG - 20% ÍSHÚÐUN
**3.591**
ÁÐUR 6.191 KR/KG




**-36%**
**GREAT TASTE 3 TEG**
225-350 GR
**198**
ÁÐUR 309 KR/PK



**KJÚKLINGUR 1/1**
NETTÓ
**699**
ÁÐUR 794 KR/KG




**PEPSI/PEPSI MAX**
4X2 L
**699**
ÁÐUR 796 KR/PK

**SÚKK**
5
**59**
ÁÐUR 7

**HÁTÍÐARBLANDA**
0,5 L
**89**
ÁÐUR 99 KR/STK

**MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!**

**PÁSKAEGG NR**
250 G - ÓDÝR
**700** KR/STK

**EGG/PÁSKAPOKI**
ONLY
**139** KR/STK

**FREYJA PÁSKA**
DRAUM
**1.1**

**Tilboðin gilda 02. - 06. apríl 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



BAYONNESKINKA/ BAYONNESTEIK
-40%
959
ÁÐUR 1.598 KR/KG

## 50% AFSLÁTTUR !

DAGANA 2.APRÍL TIL OG MEÐ 6.APRÍL VERÐUR **50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR** NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD



GRÍSAHRYGGUR PÖRUSTEIK/BEINLAUS
-42%
1.383
ÁÐUR 2.384 KR/KG



LAMBAHRYGGUR FERSKUR-FYLLTUR
2.572
ÁÐUR 3.215 KR/KG




ÍSKAKA - EMMESÍS
800ML, 2 TEGUNDIR
-36%
799
ÁÐUR 1.259 KR/STK



JARÐARBER
250 GR Í ÖSKJU
-50%
249
ÁÐUR 498 KR/ASKJAN

ULAÐIKAKA
10 G - MC CAIN
9 KR/STK
799 KR/STK

**Opnunartími Nettó um páskana:**

| | 2.apríl Skírdagur | 3.apríl Föstud.langi | 5.apríl Páskadagur | 6.apríl Annar í páskum |
|---|---|---|---|---|
| Nettó Akureyri | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Borgarnes | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Grandi | Opið til miðnættis | Lokað* | Lokað* | Opið 24. klst |
| Nettó Grindavík | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Hverafold | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Höfn | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Kópavogur | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Mjódd | Opið til miðnættis | Lokað* | Lokað* | Opið 24. klst |
| Nettó Reykjanesbær | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Selfoss | 10.00-20.00 | Lokað | Lokað | 10.00-20.00 |

*Lokum um miðnætti kvöldið áður og opnum aftur á miðnætti




EGG NR.4
/ÆVINTÝRA
49

FREYJA PÁSKAEGG NR.9
DRAUM/ÆVINTÝRA
2.069

*Gleðilega páska!*

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**TILNEFND** Valgerður Benediktsdóttir frá Forlaginu sem tók við tilnefningu Þórarins Leifssonar, sem er búsettur í Berlín, ásamt Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur sem hlaut einnig tilnefningu og það fyrir sína fyrstu bók. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vindurinn og hatrið

Vinur minn vindurinn og Maðurinn sem hataði börn eru tilnefndar til Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Í gær var tilkynnt um tilnefningar til Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Tvær bækur eru tilnefndar fyrir hönd Íslands að þessu sinni en það eru Vinur minn vindurinn eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur og Maðurinn sem hataði börn eftir Þórarin Leifsson.

Bergrún Íris hefur áður fengist við myndskreytingar barnabóka og tölvuleikja en Vinur minn vindurinn er fyrsta bókin sem hún vinnur ein og bæði skrifar og myndskreytir. Vinur minn vindurinn er ætluð yngstu lesendunum eða öllu heldur fyrir samlestur barna og foreldra. „Þetta kom mér alveg svakalega á óvart og mér finnst þetta vera mikill heiður. Þessi saga varð til þegar eldri strákurinn minn var svona um tveggja og hálfs árs gamall og við vorum tvö saman heima. Það var svo mikið rok úti að það var ekki hægt að fara út að leika svo við fórum saman út í glugga að skoða veðrið og ræða málið.

Birgitta Elín og Marta Hlín hjá Bókabeitunni sem gefa út fyrir mig tóku þetta upp á sína arma og bókin kom síðan út fyrir síðustu jól og móttökurnar voru alveg frábærar. Það er óhætt að segja að ég hafi hitt á góðan vetur til þess að koma með þessa bók því nóg hefur nú verið um lægðirnar með endalausu roki. Núna er ég að vinna að næstu veðurbók og fleiri skemmtilegum verkefnum svo það er nóg að gera.“

Maðurinn sem hataði börn er aftur á móti fyrir eldri lesendahóp en viðfangsefni Þórarins eru afar áhugaverð. Í bókinni segir frá innflytjandanum Sylvek Kaminski Arias sem tekst á við barnahatara og sem hann hefur grunaðan um að vera drengjamorðingi sem leikur lausum hala í Reykjavík.

„Þessi viðurkenning hefur mjög mikla þýðingu. Þetta liðkar til fyrir sölu erlendis og hjálpar sennilega líka kvikmyndagerðarfólkinu sem skrifaði undir viljayfirlýsingu um kvikmynd upp úr bókinni í hádeginu.“

Þórarni finnst ekki mikill munur á því að skrifa fyrir börn- og unglinga eða fullorðna lesendur. „Barnabækurnar setja ákveðinn ramma, kalla á ákveðinn skýrleika í framsetningu og neyða mig til að vera einlægur sem er ekki endilega sjálfgefið fyrir kaldhæðinn mann.“

Þórarinn er sem stendur búsettur í Berlín og það er nóg af verkefnum í farvatninu. „Ég er að skrifa bókina Kaldakol. Þetta er bók um ævintýralegt verkefni Íslendinga í Berlín. Þetta er nokkurs konar ævintýri fyrir fullorðna. Núna bý ég að reynslu undanfarinna ára og skemmti mér mjög vel í vinnunni.“ - mg



**FLYTJENDUR** Hanna Dóra og Elmar Gilbertsson sjá um einsönginn á morgun með Mótettukórnum og kammersveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónaljóð um þjáningu

Elmar Gilbertsson tenór og Hanna Dóra Sturludóttir sópran eru einsöngvarar með Mótettukór og Kammersveit Hallgrímskirkju í flutningi óratóríunnar Passíu op. 28 eftir Hafliða Hallgrímsson á morgun, föstudaginn langa.

„Passían hans Hafliða er, frá mínum bæjardyrum séð, meðal merkustu verka af þessu tagi sem íslensk tónskáld hafa skrifað,“ segir Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju, um óratóríuna Passíu op. 28 eftir Hafliða Hallgrímsson. Hún verður flutt í kirkjunni á Skólavörðuholtinu á morgun klukkan 17.

Passía var samin í tilefni af kristnitökuafmælinu árið 2000 fyrir Hörð og hans kór. „Hún er okkur dýrmætur hlutur, eitt þeirra verka sem ég er hvað stoltastur af að eiga hlutdeild að,“ segir hann.

Frá því passían var frumflutt í febrúar 2001 og hljóðrituð ári síðar, hefur að hún aldrei verið flutt opinberlega, að sögn Harðar. Hann furðar sig á því þar sem henni var hrósað mjög í erlendum tónlistartímaritum eftir útgáfu hennar á geisladiski árið 2003. „Ég tel að verkið eigi erindi út fyrir skerið okkar því tónlistin er mjög mögnuð, þó ekki sé hún auðveld. Tónmálið er ágengt enda fjallar það um píslir og orðið passía er leiðarstef gegnum allt verkið.“

Hörður segir val Hafliða á stefbrotum úr íslenskum ljóðum eftir Hannes Pétursson, Stein Steinar, Matthías Johannessen og Baldur Óskarsson sterkt og seinni parturinn sé úr Passíusálmum Hallgríms, síðustu orð Krists, sunginn af tenór. „Það er svolítið leikræn útfærsla, samt ekki óratóría sem segir beinlínis söguna heldur meira tónaljóð um þjáninguna,“ lýsir Hörður. „Engin skemmtitónlist en mjög grípandi og lætur engan sæmilega lifandi ósnortinn.“

gun@frettabladid.is

> **Engin skemmtitónlist en mjög grípandi og lætur engan sæmilega lifandi ósnortinn.**


## Tónlistarskóli FÍH

**auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2015-2016**



**Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2015-2016 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 10. apríl n.k.**

- Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans www.tonlistarskolifih.is og á rvk.is (Rafræn Reykjavík).
- Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann.
- Umsækjendur fá bréf um miðjan apríl um tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 24.-25. apríl n.k.
- Umsækjendur fá svar um skólavist í byrjun maí.

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins þar sem kennd er hefðbundin tónlist (sígild tónlist) og rythmisk tónlist (djass, popp og rokk). Tónlistarskóli FÍH býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð og um leið gerir skólinn kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu. **Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.**




**5000 JAZZ ASSASSINS** Tónlistarmennirnir eru þekktir fyrir glæsilegan klæðaburð og líflega sviðsframkomu.

# Dillandi djass fyrir alla

Brooklyn-sveitin 5000 Jazz Assassins spilar á laugardag.

Á laugardagskvöldið rekur á fjörur Reykjavíkur skemmtilega gesti en þar eru á ferð djasstónlistarmennirnir í bandinu 5000 Jazz Assassins frá Brooklyn. Þeir ætla að troða upp á Sæmundi í sparifötunum kl. 21 og verður frítt á tónleikana og því tilvalið að skella sér á djassinn eftir alvöruþunga föstudagsins langa. Sveitina skipa þeir Nathan Lambertson, Alex Harvey, James Monahan og Jono Waldman. 5000 Jazz Assassins spila ragtime/swing-djass með evrópsku yfirbragði og vinna þessir ungu djassistar nú hörðum höndum að sinni fyrstu breiðskífu sem er væntanleg seinna á þessu ári. Kapparnir eru þekktir fyrir að klæða sig mjög í stíl við tónlistina og minna tónleikar þeirra oft meira á tryllt ar veislur en tónleika. - mg

# Vorinu fagnað með listasmiðju

Listasafn Árnesinga stendur fyrir fjölskyldusamveru í dag þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín. Þar verða náttúruleg efni nýtt í anda frumbyggja.

„Við ætlum að fagna vorinu með listasmiðju fyrir alla fjölskylduna,“ segir Ásthildur Jónsdóttir sem verður með leiðsögn og listasmiðju í Listasafni Árnesinga í Hveragerði í dag, skírdag milli klukkan 12 og 16. Þar verður unnið út frá inntaki sýningarinnar ÁKALLs og óskum þátttakenda framtíðinni til heilla.

Í listasmiðjunni fá þátttakendur að kynnast ýmiss konar listmunum sem frumbyggjar víðsvegar um heiminn hafa notað til að leggja áherslu á náttúruvernd.

„Við ætlum að fjalla um ólík tákn og hvernig við getum lært hvert af öðru,“ segir Ásthildur og tekur fram að ýmiss konar náttúruleg efni verði notuð og þátttakendur fái tækifæri til að virkja eigin hugmyndir.

Listasafn Árnesinga er opið um páskana eins og venjulega frá fimmtudegi til sunnudags. Þangað eru allir velkomnir sér að kostnaðarlausu og á það líka við um listasmiðjuna. - gun

**„Við ætlum að fagna vorinu með listasmiðju fyrir alla fjölskylduna**



**ÚR NÁTTÚRUNNI** Litríkar greinar verða viðfangsefni listasmiðjunnar.



**RITHÖFUNDURINN** Fáir eru fróðari um Hallgrím og Guðríði en Steinunn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ástir og átök í lífi Hallgríms og Guðríðar

Steinunn Jóhannesdóttir, rithöfundur og leikari, ætlar að segja sögu hjónanna Hallgríms Péturssonar og Guðríðar Símonardóttur á Sögulofti Landnámssetursins í Borgarnesi í kvöld, skírdag. Þar staldrar hún við mikilvægustu atriðin í þroskaferli skáldsins, tengsl þeirra hjóna við háa sem lága á 17. öld, ástir þeirra og átök við yfirvöld, fátækt sem velsæld, börn þeirra og barnamissi, skáldfrægð, sjúkdóm og dauða.

Frásögnin hefst klukkan 20 í kvöld.

Passíusálmar Hallgríms verða svo fluttir í Borgarneskirkju í heild sinni á morgun í umsjón Steinunnar. Lesarar verða alls tíu, flestir Borgnesingar og fólk úr héraði flytur tónlist milli þátta.

## Myndlist með dulhyggju

Næstkomandi laugardag opnar listamaðurinn Victor Ocares listasýningu sýna Beautiful Stuff í Kaktus á Akureyri. Victor Ocares útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2013 og hefur verið iðinn við sýningarhald bæði á Íslandi og erlendis.



Listsköpun hans er lituð dulhyggju sem leitar meðal annars fanga í heimspeki og vísindum.

Sýningin verður opnuð kl. 16 og stendur opin fram á kvöld eða þangað til tónleikar Mafama hefjast í Kaktus kl. 21.

Að tónleikunum loknum mun DJ Homo Electrus halda uppi stuðinu til kl. 1.00. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. - mg


# Páskaleikur morgunkornsins!

VILTU VINNA 55” CURVED SJÓNVARP FRÁ SAMSUNG EÐA FERÐ TIL NEW YORK?

ÞVÍ FLEIRI PAKKAR ÞVÍ MEIRI MÖGULEIKAR



## Kornið sem kemur þér út

Geymdu kassakvittunina þegar þú kaupir pakka af General Mills morgunkorni. Skráðu þig svo á **morgunkorn.is** þar sem fjöldi glæsilegra vinninga er í boði.

Til að mynda gætir þú unnið ferð fyrir tvo til New York, 55” curved sjónvarp frá Samsung auk frábærra vinninga frá Hamborgarafabrikkunni, Keiluhöllinni og Smárabíó.



# LÍFIÐ

## ALT J 2. júní



VODAFONE-HÖLLIN

Indírokkararnir frá Leeds ætla að heiðra okkur með nærveru sinni í byrjun sumars. Þeir hafa slegið í gegn í heimalandinu og í Bandaríkjunum og nú er komið að því að heilla aðdáendur hér á Íslandi.

## TOM JONES 8. júní



LAUGARDALSHÖLLIN

My, my, my Delilah! Velska goðsögnin Tom Jones mun hækka hitastigið í Höllinni allverulega í sumar. Hann fagnar 75 ára afmæli sínu daginn áður, svo tónleikagestir geta sungið afmælissönginn fyrir hann. Þetta verður eitthvað.

# ÞAU KOMA TIL LANDSINS Í SUMAR

Fjöldi erlendra tónlistarmanna hefur staðfest komu sína til landsins í sumar og enn eru óstaðfestar fregnir af fleirum. Langt er síðan svo margir þekktir listamenn tróðu hér upp og því vel við hæfi að taka saman þá helstu.

## Secret Solstice-hátíðin Laugardal, 19.-21. júní



### KELIS

Poppdívan er mörgum kunn fyrir lag sitt Milkshakes en hún hefur verið viðloðandi poppbransann frá lokum tíunda áratugarins sem söngkona og lagahöfundur. Svo er bara að vona að hún taki slagarann Caught Out There.

### WU-TANG CLAN

Rappsveitin Wu-Tang Clan kemur til Íslands í fyrsta sinn og er þetta önnur tilraun hennar til þess að troða upp hérlendis. Sveitin hafði áður boðað komu sína en þurfti að hætta við og sjálfsagt verða margir aðdáendur hennar glaðir að fá að berja hana augum.

### FKA TWIGS

Stelpan sem var uppgötvuð í neðanjarðarlest í London og sló í gegn í tónlistarheiminum á síðasta ári. Henni hefur verið líkt við listamenn á borð við Lykke Li og Björk okkar. Kærastinn hennar er enginn annar en Robert Pattinson og geta aðdáendur hans krossað fingur upp á að hún taki hann með.

## ATP Iceland Ásbrú, Keflavík, 2.-4. júlí



### BELLE & SEBASTIAN

Skoska indísveitin Belle & Sebastian mun snúa aftur til landsins í júlí en sveitin hélt eftirminnilega tónleika hér á landi árið 2006 og spilaði meðal annars á Borgarfirði eystri. Sveitin hefur verið starfandi frá árinu 1996.



### PUBLIC ENEMY

They got game! Rappgoðsagnirnar í Public Enemy ætla að trylla lýðinn í sumar og má búast við því að gamlir aðdáendur sveitarinnar dusti rykið af hiphop-gallanum til þess að berja þá augum, en sveitin hefur verið starfandi síðan 1982.




19:45
KRÆKIBERJABLÚS
Stórglæsileg heimildarmynd og falleg ferðasaga um Ísland þar sem maturinn í náttúrunni er í aðalhlutverki. Hér er blandað saman fallegri náttúru, íslenskri tónlist og matargerð að hætti heimamanna.

FRÁBÆR SKÍRDAGUR!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

20:45
THE MENTALIST
Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi FBI og notar skyggnigáfu sína við lausn á erfiðum og flóknum sakamálum.



21:30
THE BLACKLIST
Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



22:15
THE FOLLOWING
Tvöfaldur þáttur í hörkuspennandi þáttaröð um fjöldamorðingjann, Joe Carroll og lögreglumanninn, Ryan Hardy.



22:00
GAME OF THRONES
Einn þáttur sýndur hvern virkan dag framyfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.




22:05
THE HUNGER GAMES
Spennandi framtíðarmynd sem byggð er á samnefndum metsölubókum með Jennifer Lawrence, Liam Hemsworth og Stanley Tucci.



Krakkastöðin 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.
Nánari upplýsingar á 365.is




**Liberate hátalari**
Fjórir 1" hátalarar með frábær hljómgæði
8 tíma ending á rafhlöðu.

**19.950 kr.**



**Positive Vibrations heyrnatól**
50mm hátalarar með þéttum bassa.
Innbyggður hljóðnemi fyrir símtöl og fjarstýring

**12.950 kr.**



**Smile Jamaica heyrnartól**
Settu smá lit í lífið.
Tær og flottur hljómur.

**3.950 kr.**



# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

Gjöf frá Krónunni

SKJÁRKRAKKAR með öllum

# páskaeggjum

Ef páskaeggin eru keypt fyrir 5. apríl. Áskriftin gildir fram yfir páska. Upplýsingar um virkjun áskriftar er að finna á kassastrimlinum.

**999 kr. stk.**
Krónu sérvalið súkkulaði rísegg nr. 4

**1699 kr. stk.**
Krónu sérvalið súkkulaði rísegg, nr. 9

33% afsláttur
**399 kr. askjan**
Verð áður ~~599~~ kr. askjan
Jarðarber, 250 g

20% afsláttur
**238 kr. kg**
Verð áður ~~298~~ kr. kg
Ferskur ananas

16% afsláttur
**499 kr. kg**
Verð áður ~~599~~ kr. kg
Græn vínber

## Gerðu góð kaup!

19% afsláttur
2,6 kg
**2995 kr. stk.**
Verð áður ~~3698~~ kr. stk.
Julius önd, 2,6 kg

25% afsláttur
**2999 kr. kg**
Verð áður ~~3999~~ kr. kg
Berberie andabringa

22% afsláttur
**3999 kr. kg**
Verð áður ~~5185~~ kr. kg
Ungnautalund frá Nýja Sjálandi

30% afsláttur
**3339 kr. kg**
Verð áður ~~4770~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

Opið í dag í öllum verslunum

# Opið föstudaginn langa

**10-21**
Hvaleyrarbraut

**10-21**
Nóatún 17

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Ljúffengt páskalamb

**Marinering**
Þú getur valið ókryddað eða með kolagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja- & eplamarinerað

**1399 kr. kg**
Lambalæri

Trönuberja- og eplamarinerað
New York marinerað
Hvítlaukur & rósmarín
Piparmarinerað
Kryddað

---

**Hamborgarhryggur á góðu verði**

**17% afsláttur**

**1199 kr. kg**
Verð áður ~~1450~~ kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

---

**Marinering**
Þú getur valið með ítalskri marineringu, hvítlauks- og rósmarín- eða New York

**43% afsláttur**

**1299 kr. kg**
Verð áður ~~2280~~ kr. kg
Lúxus grísakótilettur erlendar í ítalskri marineringu, hvítlauks- og rósmarín- eða New York marineringu

---

## Páskasveppir í úrvali

**299 kr. pk.**
Íslenskir Flúðasveppir, 250 g

**699 kr. pk.**
Shitake sveppir

**829 kr. pk.**
Kantarella sveppir, 100 g

**469 kr. pk.**
MG þurrkaðir villisveppir, 25 g

**459 kr. pk.**
Portobello sveppir, 200 g

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# Viðhorf lúsera

**BAKPANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Vika er liðin frá því að byltingin hófst og við erum búin að sjá þingmann og borgarfulltrúa taka þátt í átakinu, geirvartan var frelsuð í Hraðfréttum í Ríkissjónvarpinu og fjölmiðlar víða um heim hafa fjallað um byltinguna á Íslandi sem hófst Verzlunarskóla Íslands. Af öllum stöðum! Það er bara stórkostlegt – byltingar eru ekki rauðir dagar á dagatalinu. Maður fær ekki boð í opnunarpartí byltingarinnar á Facebook.

**ÉG** hefði getað tekið byltingunni sem ógnun við ótvíræða forréttindastöðu mína sem hvítur karlmaður yfir meðalhæð. Gerðiþaðekki. En ég fór hins vegar í bíó um daginn. Þar sem ég beið í röð eftir afgreiðslu í sjoppunni voru tveir ungir menn að spjalla saman. Annar lýsti yfir ánægju sinni með pistla sem drengur, sem ég man ekki hvað heitir, skrifaði sem einhvers konar illa orðað og vanhugsað svar við brjóstabaráttunni svokölluðu. „Einhver verður að standa í þessu," sagði annar drengurinn og hinn kinkaði kolli.

**ÉG** velti fyrir mér hvort þeir væru svona þröngsýnir og forpokaðir ef þeir vissu að þetta er viðhorf lúsera í réttindabaráttum. Þetta eru náungarnir sem Rosa Parks neitaði að standa upp fyrir árið 1955. Sömu náungar og reyndu að stoppa Kathrine Switzer þegar hún varð fyrsta konan til að taka þátt í Boston-maraþoninu árið 1967. Á sögulegri mynd sést þegar skipuleggjandi hlaupsins reynir að koma í veg fyrir þátttöku hennar. Þessir menn eru í besta falli hlægilegir í dag.

**EN** auðvitað eru ógeðslega margir hneykslaðir. Annars væri þetta hvorki gaman né að virka. Munið þið eftir hófstilltu byltingunni sem með virðingu fyrir ríkjandi viðhorfum að vopni ógraði rótgrónum hugmyndum og breytti að lokum heiminum?

# Unglingsstelpur eru aðalmálið



**VAR EINU SINNI UNGLINGSSTELPA** Ert þú unglingsstelpan sem Ásrún leitar að fyrir dansverkið Teenage Girls? FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ásrún Magnúsdóttir, dansari og danshöfundur, vinnur að dansverki með unglingsstelpur í aðalhlutverki.**

„Þetta er svo kúl aldur, þær eru svona alveg í einhverju fullkomnu millibilsástandi. Eru meðvitaðar en langt frá því að vera fullorðnar og einhvern veginn ekki enn þá börn," segir danshöfundurinn og dansarinn Ásrún Magnúsdóttir, sem vinnur nú að nýju dansverki og leitar að unglingsstelpum sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu.

Verkið ber vinnuheitið Teenage Girls og að sögn höfundarins fjallar það um að vera unglingsstelpa í dag, en sá hópur samfélagsins veitir henni mikinn innblástur.

„Það er aðallega af því að ég hef verið að kenna unglingsstelpum í allan vetur og hef verið svo inspíreruð af þeim. Svo er The Virgin Suicides ein uppáhaldsmyndin mín."

Hún segir tengslin við unglingsstelpur þó aðallega myndast af því að hún hafi sjálf verið ein slík á ákveðnum tíma í sínu lífi og langi til þess að gefa þeim rödd. „Þótt ég sé enginn sérfræðingur í unglingsstelpum þá hef ég verið slík sjálf og það erum við sem höfum verið það og þær sem eru það í dag sem erum eina fólkið sem veit hvernig það er," segir hún hress.

Að undanförnu hefur Ásrún undirbúið verkefnið með því að skrifa niður ýmiss konar minningar frá sínum unglingsárum og segir það áhugavert hversu mörg atvik og aðstæður séu sameiginleg upplifun allra þeirra sem gengið hafa í gegnum þetta tímabil.

„Ég hef verið að skrifa alls konar minningar frá unglingsárunum og svo las ég þetta upp fyrir hóp af fólki og það voru mjög margar fyrrverandi unglingsstelpur sem tengdu við það," segir Ásrún hress og bætir við að hún muni mögulega nota eitthvað af eigin upplifunum og minningum í verkið, en hún hefur einnig verið í samstarfi við sumarbúðaverkefnið Stelpur rokka. „Planið er að búa til eina risastóra unglingsstelpuhljómsveit sem dansar, syngur, spilar og performerar, allt í senn."

Þær stelpur og foreldrar þeirra sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefni Ásrúnar geta sent henni póst á netfangið asrunm@gmail.com. Engin krafa er gerð á reynslu af því að dansa, leika eða spila á hljóðfæri, einungis áhugi á því að koma fram.

gydaloa@frettabladid.is

# Eiginkona Bítils undrandi

Það kom Nancy Shevell, eiginkonu bítilsins Pauls McCartney, mjög á óvart þegar hann hóf samstarf við rapparann Kanye West.



**PAUL McCARTNEY**

McCartney gerði nýverið lagið FourFiveSeconds ásamt West og söngkonunni Rihönnu en Shevell var ekki skemmt.

Sérstaklega fer fyrir brjóstið á henni orðanotkunin í laginu sem henni þykir ekki vera upp á marga fiska. McCartney sjálfur er ekki sammála eiginkonu sinni og segir West fyrst og fremst listamann.






















GLEÐILEGA PÁSKA

# BÚÐU ÞIG UNDIR **STÓRSKEMMTILEGA** PÁSKA Á STÖÐ 2

Frábærar bíómyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fyrsta flokks talsett barnaefni.







365.is | Sími 1817

365

## Margt getur breyst í lokaumferðinni

**HANDBOLTI** Lokaumferðin í Olís-deild karla í handbolta fer fram í kvöld og kemur þá endanlega í ljós hvaða lið mætast í úrslitakeppninni. Aðeins ein viðureign er örugg en það er viðureign deildarmeistara Vals og Fram sem hafnar í áttunda sæti sama hvernig fer í kvöld.

Afturelding er búin að tryggja sér annað sætið og mætir ÍBV eins og staðan er fyrir umferðina. Eyjamenn geta þó með sigri á FH komist í 25 stig og náð sjötta sætinu af Akureyri tapi norðanmenn fyrir ÍR í Austurbergi. Vinni Akureyri aftur á móti kemst liðið í 27 stig og upp fyrir Hauka afgreiði þeir ekki fallið lið HK.

FH getur náð þriðja sætinu af ÍR með sigri á ÍBV svo fremi að ÍR tapi fyrir Akureyri, en þá mætast væntanlega ÍR og Haukar í úrslitakeppninni. Ljóst er því að margt getur breyst en líkurnar eru töluverðar á Hafnarfjarðarslag í átta liða úrslitum. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.30.



## Haukar geta jafnað árangur Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Það ræðst í dag hvaða lið mæta KR og Tindastóli í undanúrslitarimmunum tveimur í Domino's-deild karla. Þá fara fram oddaleikirnir í síðustu tveimur viðureignum 8-liða úrslitanna.

Haukar eru í einstakri stöðu því þeir geta náð því að verða annað liðið í sögunni til að vinna einvígi í úrslitakeppninni eftir að hafa lent 2-0 undir. Eina liðið sem hefur afrekað það er einmitt andstæðingur Haukanna í dag, lið Keflavíkur. Það gerðu Suðurnesjamenn í undanúrslitunum árið 2008 er liðið skellti ÍR, 3-2, eftir að hafa lent 2-0 undir en Keflvíkingar fóru þá alla leið og urðu Íslandsmeistarar. Leikur liðanna á Ásvöllum hefst klukkan 16.00 í dag.

Þá taka Njarðvíkingar á móti Stjörnumönnum í Ljónagryfjunni. Rimma liðanna hefur verið hnífjöfn og skemmtileg en allir leikirnir í henni hafa ráðist á lokamínútunum. Stefan Bonneau, Bandaríkjamaðurinn í liði Njarðvíkur, hefur verið afar áberandi í úrslitakeppninni og ljóst að það mun mikið mæða á honum í kvöld.

Ef Keflavík vinnur í kvöld mætir liðið KR í undanúrslitum og Tindastóll þá sigurliðinu í rimmu Njarðvíkur og Stjörnunnar. Það snýst hins vegar við ef Haukarnir hafa betur gegn Keflavík. Leikurinn í Hafnarfirði hefst klukkan 16.00 og í Njarðvík fer veislan af stað kl. 19.15. Báðir verða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. - esá



**HÁSPENNA** Tveir oddaleikir fara fram í úrslitakeppninni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLIT

**DOMINO'S-DEILD KVENNA**

**HAUKAR - KR 69-52 (39-17)**

